

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 9. júlí 2010 í máli nr. S-190/2010:

Ákærvaldið

(Hulda María Stefánsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

A

(Jón Egilsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 31. maí sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara útgefinni 26. febrúar 2010 á hendur A, kt. 000000-0000, [...], fyrir neðangreind hegningarlagaþrot:

I. 1.

Mansal, frelsissviptingu, ólögmæta nauðung og hótanir, með því að hafa, í þeim tilgangi að notfæra sér B kynferðislega, neytt hana til þess að stunda vandi frá 16. ágúst 2009 á heimili ákærðu að [...], ákærðu til framfærslu og viðurveris, með því að hóta henni lífláti og líkamsmeiðingum, sparka og slá í líkama hennar, svipta hana frelsi sínu og koma í veg fyrir samskipti hennar við aðra en viðskiptavinum vændisstarfseminnar, meðal annars með því að læsa hana inni í herbergi, meina henni að yfirgefa íbúðina og banna henni að borða, sofa og nota salerni nema með leyfi ákærðu. Ákærða beitti B jafnframt ótilhlýðilegri aðferð, með því að taka af henni vegabréf og peninga, sem og ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja og hagnýta sér villu hennar um aðstæður á Íslandi, er hún sagði henni að ákærða væri valdamikil hér á landi og hefði mikil áhrif innan löggæslustofnana og glæpaheimsins á Íslandi og gæti því látið glæpamenn nauðga henni hlýddi hún ekki ákærðu. Voru hótanir ákærðu til þess fallnar að vekja hjá B ótta um líf, heilbrigði og velferð sína, sem varð til þess að hún þorði ekki að leita aðstoðar yfirvalda fyrr en henni tókst að komast út úr íbúð ákærðu föstudaginn 23. október 2009.

Telst þetta varða við 1. tl. 1. mgr. 227. gr. a., 225. gr., 226. gr., 233. gr. og 3., 6. og 7. mgr. 206 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 3., 6. og 7. mgr. 206. gr., 225. gr., 226. gr. og 233. gr. sömu laga.

I. 2.

Líkamsárás, með því að hafa föstudaginn 23. október 2009 að [...] slegið B í höfuðið, þegar lögreglumenn aðstoðuðu B við að sækja vegabréf sitt á heimili ákærðu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Mansal, með því að hafa, sunnudaginn 11. október 2009, í því skyni að hagnýta sér E kynferðislega, flutt þær til landsins í því skyni að þær stunduðu vændi, beitt þær ótilhlýðilegri aðferð með því að taka af þeim vegabréf eða skilríki, og ólögætum blekkingum með því að vekja, styrkja og hagnýta sér villu þeirra um aðstæður á Íslandi, er hún sagði þeim að ákærða væri valdamikil hér á landi og hefði mikil áhrif innan löggæslustofnana og glæpaheimsins á Íslandi. Jafnframt að hafa frá 11. október til 7. nóvember 2009 haft atvinnu eða viðurværi sitt af vændi D og frá sama degi til 3. desember 2009 haft atvinnu eða viðurværi sitt af vændi E með því að hafa milligöngu um að fjöldi manna hefðu samræði eða önnur kynferðismök við þær gegn greiðslu um kr. 20.000 í hvert sinn og haft þannig tekjur af vændi þeirra, hýst þær að [...], og útvegað húsnæði undir vændisstarfsemina frá 1. nóvember 2009 að [...]. Ákærða auglýsti einnig eða lét auglýsa vændi þeirra opinberlega á vefsíðum.

Telst þetta varða við 1. tl. 1. mgr. 227. gr. a. og 3., 5., 6. og 7. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 3., 5., 6. og 7. mgr. 206. gr. sömu laga.

III.

Hagnýtingu vændis, með því að hafa þann 23. nóvember 2009 flutt F og G til landsins í því skyni að þær stunduðu vændi og haft atvinnu eða viðurværi sitt af vændi þeirra allt til 3. desember 2009. Ákærða hafði milligöngu um að fjöldi manna hefðu samræði eða önnur kynferðismök við þær gegn greiðslu að fjárhæð um kr. 20.000 í hvert sinn og hafði þannig tekjur af vændi þeirra, útvegaði húsnæði undir vændisstarfsemina að [...] og auglýsti jafnframt eða lét auglýsa vændi þeirra opinberlega á vefsíðum.

Telst þetta varða við 3., 5., 6. og 7. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Mansal og hótanir, með því að hafa, í þeim tilgangi að notfæra sér C kynferðislega, neytt hana til að stunda vændi í nóvembermánuði 2009 á heimili ákærðu að [...] og húsnæði sem ákærða útvegaði að [...]. Ákærða beitti C ótilhlýðilegri aðferð og ólögætum blekkingum með því að vekja, styrkja og hagnýta sér villu hennar um aðstæður á Íslandi, hótað henni að taka af henni

vegabréfið, að senda hana og fjölskyldu hennar úr landi og sagði henni að ákærða væri valdamikil hér á landi og hefði mikil áhrif innan löggæslustofnana og glæpaheimsins og gæti því látið glæpamenn nauðga henni hlýddi hún ekki ákærðu. Voru hótanir ákærðu til þess fallnar að vekja hjá C ótta um líf, heilbrigði og velferð sína og fjölskyldu sinnar. Ákærða hafði milligöngu um að fjöldi manna hafði samræði eða önnur kynferðismök við C gegn greiðslu að fjárhæð um kr. 15.000-20.000 í hvert sinn og hafði þannig tekjur af vændi hennar. Ákærða auglýsti jafnframt eða lét auglýsa vændi C opinberlega á vefsíðum.

Telst þetta varða við 1. tl. 1. mgr. 227. gr. a., 233. gr. og 3., 6. og 7. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 3., 6. og 7. mgr. 206. gr. og 233. gr. sömu laga.

V.

Líkamsárás, með því að hafa mánudaginn 29. desember 2008 í stigagangi fjölbýlishússins að [...] rífið í hár H og slegið hana með rafmagnssnúru í andlitið, með þeim afleiðingum að hún hlaut sár, bólgu og þreifiefymsli vinstra megin á andliti og bólgu yfir vinstri kjálkalið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VI.

Brot gegn valdstjórninni, með því að hafa þriðjudaginn 12. janúar 2010 við [...] hrækt í andlit lögreglumannsins Andra Fannars Helgasonar, sem var þar við skyldustörf.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

1. Af hálfu B, f. [...], er krafist miskabóta úr hendi ákærðu, að fjárhæð krónur 1.500.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. nóvember 2009 og þar til mánuður er liðinn frá því að krafan var birt, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. s.l. frá þeim degi til greiðsludags.
2. Af hálfu D, f. [...], er krafist miskabóta úr hendi ákærðu, samtals að fjárhæð krónur 500.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan var birt til greiðsludags.
3. Af hálfu C, kt. 000000-0000, er krafist miskabóta úr hendi ákærðu, að fjárhæð krónur 800.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. október 2009 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er birt ákærðu, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga.

4. Af hálfu H, kt. 000000-0000, er krafist miskabóta úr hendi ákærðu, að fjárhæð krónur 500.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 29. desember 2009 að liðnum mánuði frá þeim degi er bótakrafan er birt ákærðu, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga.

5. Af hálfu E, f. [...], er krafist miskabóta úr hendi ákærðu, samtals að fjárhæð krónur 600.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 11. október 2009 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða krefst aðallega sýknu af sakargiftum samkvæmt öllum ákæruliðum, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsingin verði skilorðsbundin að öllu leyti. Þá er þess krafist að gæsluvarðhaldsvist ákærðu dragist að fullu frá dæmdri refsingu. Ákærða krefst þess aðallega að bótakröfum verði vísað frá dómi, til vara að ákærða verði sýknuð af kröfunum og til þrautavara að bæturnar verði lækkaðar verulega. Verjandi ákærðu krefst hæfilegra málsvarnarlauna.

Þann 26. mars 2010 voru þingfestar tvær framhaldsákæru útgefnar af ríkissaksóknara. Annars vegar framhaldsákæra útgefin 18. mars 2010, þar sem höfð er uppi einkaréttarkrafa á hendur ákærðu af hálfu E, sem ekki var getið í ákæru málsins þar sem upplýsingar um kröfuna lágu þá ekki fyrir. Af hálfu ákærðu var samþykkt að krafan kæmist að í málinu og er hennar getið hér að framan í framsetningu aðalákæru. Í annan stað var nefndan dag þingfest framhaldsákæra útgefin 24. mars 2010 til leiðréttingar á augljósum villum í heimfærslu til refsíakvæða í ákæru útgefni 26. febrúar sl., kafla I. 2. (nú I.1.), kafla II. og kafla IV. Af hálfu ákærðu var samþykkt að þessi leiðrétting yrði gerð. Tekið hefur verið tillit til þessara breytinga í framsetningu aðalákæru hér að framan.

I.

Með dómi í máli nr. S-676/2009, uppkveðnum 1. desember 2009, var ákærða fundin sek um innflutning ólögglegra fikniefna og hagnýtingu vændis. Hún var hins vegar sýknuð af ákæru um mansal. Ákærða var dæmd til að sæta fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Dómur héraðsdóms var staðfestur með dómi Hæstaréttar 3. júní sl. en refsing ákærðu þyngd í þrjú ár og sex mánuði.

Í byrjun október 2009, er fyrrgreint mál var til dómsmeðferðar og ákærða sætti farbanni, bærust rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu upplýsingar um að ákærða hefði tekið upp fyrri iðju að flytja inn konur til Íslands og gera þær út til vændis. M.a. hafi verið bent á auglýsingar á vefnum www.einkamál.is sem lögregla hafi kannað og rakin hafi verið til IP-tölu á nafni ákærðu. Þann 16. október 2009 hafi símar ákærðu verið tengdir til hlustunar og hljóðritunar og hafi strax komið í ljós að ákærða hafði sett auglýsingu í Fréttablaðið og óskað eftir aðstoðarmanni. Fljótlega hafi komið í ljós að ákærða réði vitnið C sem aðstoðarkonu sína. Símar C hafi einnig verið tengdir til hlustunar og hljóðritunar.

Þann 25. október 2009 hafi verið hringt í Neyðarlínuna frá [...], þar sem heimili ákærðu er, og óskað aðstoðar lögreglu vegna konu sem hefði flúið ákærðu. Lögreglan fór á staðinn og aðstoðaði þar vitnið B við að fá vegabréf sitt aftur frá ákærðu. Lögreglumenn hafi þá séð ákærðu slá vitnið B í höfuðið. Verður nánar fjallað um þetta atvik síðar.

Samkvæmt skýrslu lögreglu komu tvær konur til landsins á vegum ákærðu til að stunda vændi þann 23. nóvember 2009. Lögreglan fylgdist með komu þeirra til landsins. Um var að ræða konurnar G, kölluð G, og F, kölluð F. Ákærða og E, kölluð E, munu hafa sótt umræddar konur og farið með þær beint á [...].

Ákærða og vitnið C voru handteknar þann 3. desember 2009 og yfirheyrði lögreglan þá konurnar sem höfðu komið til landsins, þær F og G. Vitnið E var þá farin af landi brott og ofangreindar konur fengust ekki til að vera lengur á landinu.

Við rannsókn lögreglu voru þær ákærða og C, sem voru úrskurðaðar í gæsluvarðhald 4. desember 2009, yfirheyrðar margsinnis. Þær neituðu báðar öllum sakargiftum í fyrstu, en í annarri skýrslutöku greindi C frá aðkomu sinni að málinu og meðferð ákærðu á vændiskonum sem störfuðu fyrir ákærðu.

Í skýrslutöku hjá lögreglu 3. desember 2009 neitaði ákærða því að hún hagnýtti sér vændi annarra kvenna. Hún kvaðst eiga vini sem stunduðu kynlíf gegn greiðslu eins og hún sjálf, en það væri óháð henni að þessir vinir hennar fengju greiðslu fyrir kynlífið. Í þessari skýrslu kvaðst ákærða hafa ráðið C sem aðstoðarmannskju þar sem hún hafi verið svo þunglynd að hana vantaði aðstoð við dagleg störf. Ákærða kvaðst þekkja E, D, F og G. Hún hefði ekki keypt flugmiða fyrir þær en eytt smátíma með þeim þar sem þær höfðu aldrei komið til Íslands. Hún kvað E hafa aðstoðað sig. Áður hefði B aðstoðað hana.

Í skýrslutöku hjá lögreglu 10. desember 2009 breytti ákærða fyrri framburði sínum og kvaðst hún nú hafa unnið fyrir mann sl. þrjú ár sem vændiskona og milligönguadili um vændi annarra. Maðurinn tæki 50% af innkomu hennar og annarra vændiskvenna, sem hún hafði fengið til landsins til að stunda vændi. Maður þessi hefði greitt farseðla kvennanna. Ákærða gaf ekki upp nafn umrædds manns heldur símanúmer hans. Símanúmerið var skráð á I. Kvaðst ákærða láta mann þennan fá 300.000 krónur á 10 daga fresti og hefði hún gert það sl. þrjú ár.

Hún kvað viðskiptavini kynlífsþjónustu hennar komast í samand við hana gegnum símanúmer 8441457 sem hún auglýsti á vefnum einkamál.is. Ákærða neitaði því að hún hagnaðist á vændi annarra.

Ákærða kvaðst þekkja B undir nafninu B. Hún hefði búið í íbúð í [...] sem ákærða leigði en síðar heima hjá ákærðu. Ákærða kvað lögreglumenn, sem beri að þeir hafi séð ákærðu beita B líkamlegu ofbeldi, ljúga. Hún hafi aðeins ýtt við B sem hafi verið með vegabréf sitt allan tímann. B hafi haft aðgang að mat, samskiptatækjum og öllu því sem hún vildi og hefði hún mátt fara og koma eins og hún vildi.

Verður nú fjallað um einstaka ákæruliði. Ákærulið I.1. var vísað frá dómi og kemur hann því ekki til frekari skoðunar. En áður en vikið verður að einstökum

ákæruliðum þykir rétt að reifa hér stuttlega framburð ákærðu fyrir dómi að því leyti sem hann tók almennt til hagnýtingar vændis og mansals og varðaði því alla ákæruliði þar sem ákært er fyrir slíka háttsemi. Aðspurð af hverju ákærða hefði þurft að taka 50% af innkomu stúlkanna og hvort ekki hefði nægt að þær endurgreiddu farmiðana til Íslands, sem ákærða greiddi fyrir þær, svaraði ákærða því til að B hefði búið á heimili hennar og hún hefði sagt henni að hún yrði að greiða helming útgjalda heimilisins. Fjármálagreining vegna ákærðu var borin undir ákærðu. Þar kæmi fram að ákærða hefði verið í vanskilum sumarið 2009 en um haustið hefði velta ákærðu aukist og dregið hefði úr vanskilum og að lögregla teldi þá aukningu í samræmi við grun lögreglu um aukna hagnýtingu ákærðu á stúlkum í vændi. Ákærða kvaðst ekki hafa haft tíma til að greiða reikninga um sumarið, en er B og C voru komnar á heimili hennar hefði hún farið að geta unnið meira og þéna peninga.

Ákærðu var kynnt auglýsing á vefnum einkamál.is. Kvaðst hún stundum hafa auglýst þar. Hún hefði ekki auglýst vændi annarra sjálf en sýnt stúlkunum hvernig ætti að gera þetta og lánað þeim tölvu sína. C hefði verið aðstoðarkona hennar og notað tölvu ákærðu. Ákærða kvaðst ekki hafa skipulagt vændisstarfsemina á [...] og [...]. Hún og þessar stúlkur væru allar vændiskonur og þær kunni að svara í síma, taka við skilaboðum o.fl. Hún hefði ekki verið yfirmaður þeirra heldur vinur þeirra.

Ákærða kvaðst hafa verið skuldum vafin er hún var handtekin og með yfirveðsettar eignir. Hún hefði því verið illa sett er hún var handtekin. Hún hefði ekki fengið endurgreitt allt það sem hún lagði út fyrir konurnar. Hún hefði því tapað á þeim. Hún hefði ekki verið með fast verð í eigin vændi. Sumir greiði meira en aðrir og leggi áherslu á að vera með henni. Mest 50.000 til 100.000 krónur fyrir hvert skipti. Hún hefði verið með fasta viðskiptavinum sem hefðu verið henni vinsamlegir á erfiðum stundum af vorkunnsemi. Hún ýmist sinnt þeim heima og stundum á heimilum þeirra. Hún hefði ekki haft viðurværi sitt af vændi annarra kvenna, en talið sig vera að hjálpa stúlkunum. Hún hefði fengið sams konar hjálp er hún var erlendis.

Ákæruliðir I.1. og I.2.

Eins og áður greinir var þann 23. október 2009 hringt í Neyðarlínu frá [...], þar sem ákærða er til heimilis, úr símanúmeri sem skráð er á J sem þar býr. Í símann kom fyrst nefnd J og síðan B. Var óskað eftir aðstoð að [...] þar sem B hefði brotist út frá ákærðu en vantaði aðstoð við að ná í vegabréf sitt og aðra muni frá ákærðu. Lögreglumenn fóru á staðinn og aðstoðuðu þeir B við að fá vegabréf sitt. Í skýrslu lögreglu kemur fram að er þeir komu á staðinn hafi þeir hitt B fyrir þar sem hún hafði leitað skjóls hjá nágrönnum eftir að hafa flúið úr íbúð ákærðu. Hún hafi óskað eftir hjálp þeirra til að sækja vegabréf sitt og fleira sem ákærða væri með og geymdi í peningaskáp í herbergi sínu. Kvaðst B hafa verið „þræll“ hjá ákærðu í meira en þrjá mánuði en hún væri nú að flýja. Kvaðst hún hafa stundað vændi fyrir ákærðu í þrjá mánuði en hún vildi nú gefa lögreglunni upplýsingar um starfsemi ákærðu svo hægt væri að uppræta hana. Farið hafi verið með B að íbúð ákærðu. Auk ákærðu hafi þar verið vitnið C. Ákærða hafi verið mjög æst og ráðist á B og slegið hana í höfuðið. Eftir nokkra stund hafi hún farið inn í herbergi sitt og

sótt þangað umslag og hent því í B. Í umslaginu hafi verið vegabréf B og ferðaskjöl sem sýndu pantað flug B til Alicante þann [...]. Ákærða hefði ekki viljað láta B hafa peninga eða síma, sem B óskaði eftir, en B hefði tekið með sér töskur með fatnaði sem hún var búin að taka úr íbúðinni.

Í kjölfar ofangreinds atviks var farið með B á lögreglustöðina í Hafnarfirði og þar hittu lögreglumenn hana. Hún hefði verið sýnilega illa á sig komin andlega, taugaóstyrk, átt það til að æsa sig að tilefnislausu og hefði öll hennar framkoma verið óútreiknanleg. Tekin hefði verið skýrsla af henni en sú skýrslutaka gengið mjög illa.

Tekin var skýrsla af B 4. nóvember 2009. Kvaðst hún hafa komið öðru sinni til Íslands þann 18. júlí 2009 til að stunda vændi fyrir ákærðu. Hún hefði áður verið búin að vinna fyrir ákærðu í vændi á Íslandi. Á ákveðnum tímapunkti hefði hún ákveðið að reyna að fara aftur frá ákærðu til síns heima á Spáni þar sem hlutirnir hefðu ekki gengið eins fyrir sig og hún vildi. Hún hefði farið með ákærðu á skemmtistaðinn Apótekið 15. eða 16. ágúst 2009 og þar hefði hún hitt serbneskan mann, K, og náð að ræða við hann á serbnesku. Hún hefði sannfært hann um að hún væri milli húsnæða og fengið hann til að leyfa sér að gista á heimili hans í örfáa daga. Þessa daga hafi hún ætlað að nýta sér til að reyna að kaupa farmiða frá landinu. Eftir að hún fór til K hefði ákærða haft uppi á henni með aðstoð tveggja Albana sem sáu hana á Laugavegi og eltu hana að heimili K. Þeir hefðu sagt henni að ákærða væri að leita að henni. Hún hefði þá orðið hrædd og hringt í ákærðu sem hefði sagst myndu fyrirgefa henni. Hún hefði þá farið aftur til ákærðu en eftir þetta hefði hún verið svipt öllu frelsi af ákærðu, sem hefði tekið af henni vegabréf og alla pappíra. Þá hefði ákærða tekið peninga af henni.

B kvað C hafa komið til starfa stuttu áður en hún strauk endanlega frá ákærðu og þá hefðu verið við störf sem vændiskonur á vegum ákærðu tvær konur, E frá [...] og D frá [...].

B kvaðst hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu ákærðu eftir flóttatilraun sína. Ákærða hefði sparkað í hana og lamið með höndum.

Í skýrslutöku 8. desember 2009 skýrði B nánar frá flóttatilraun sinni í ágúst 2009. Kvaðst hún hafa dvalist eftir komuna til Íslands í íbúð að [...] í Reykjavík og stundað þar vændi á vegum ákærðu. Annar eigandi íbúðarinnar, L, hafi gert henni að yfirgefa íbúðina fyrir 15. ágúst 2009. Hún hafi látið ákærðu vita af því en ákærða hefði ekkert sinnt því að hún varð húsnæðislaus. Í kjölfar þessa hefði hún ákveðið að flýja frá Íslandi og þá kynnst K. B sagðist hafa viljað hætta að stunda vændi eftir 15. eða 16. ágúst 2009 en ákærða hafi neytt hana til þess að halda áfram.

B var yfirheyrð fyrir dómi þann 15. desember 2009 og var framburður hennar í meginatriðum samhljóða framburði hennar hjá lögreglu. Er B var spurð að því hvort hún hefði verið beitt líkamlegu ofbeldi svaraði hún því neitandi. Í símtali lögreglu við B síðar kvað hún þarna um misskilning að ræða í dómsskýrslunni. Hún hefði verið beitt ofbeldi af ákærðu. Fyrir dómi hefði hún sagt að hún hefði verið beitt mildu ofbeldi og hefðu D, E og lögreglan orðið vitni að því.

B gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hún kvaðst hafa kynnst ákærðu í gegnum vinkonu sína M sem hefði beðið hana að koma með sér til Íslands til að heimsækja fólk. Þetta hefði verið í desember 2008. Hún hefði svo komið aftur til Íslands 18. júlí 2009 til að stunda vændi. Hún hefði gert samning við ákærðu um að koma og um að ákærða fengi 50% af innkomu í sinn hlut. Er hún kom til landsins hefði samningurinn ekki verið svona. Ákærða hefði tekið allt og hún ekkert fengið að borða. Ákærða hefði látið hana vinna fyrir sig, tekið vegabréf hennar og hefði hún átt að gera allt fyrir ákærðu eins og hún væri þræll. Hún hefði í fyrstu búið að [...] í Reykjavík þar sem Nígeríumaður var fyrir. Þarna hefði hún stundað vændi, en ekki getað stundað það að ráði þar sem þessi maður var alltaf þarna á staðnum. Ákærða hefði stjórnað þessari vændisstarfsemi og tekið alla innkomu hennar. Henni hefði síðan verið hent út og hún ekki átt í nein hús að venda. Ákærðu hefði staðið á sama um það. Hún hefði þá hitt serbneskan mann sem hjálpaði henni, K. Hún hefði búið hjá honum þangað til tveir Albanar komu og hótuðu henni og píndu hana til að hitta ákærðu. Hún hefði ekki viljað valda K vandræðum og því farið á fund ákærðu. Þetta hefði verið 16. eða 17. ágúst 2009. Þá hefði verið ákveðið að hún flyttist á heimili ákærðu að [...]. Þar hefðu aðstæður verið slæmar. Ákærða hefði barið hana og komið fram við hana sem ambátt. Hún hefði ekki mátt fara út án leyfis og aldrei nema í Bónus. Ákærða hefði tekið vegabréfið af henni og hún ekki mátt borða nema stundum. Hún hefði ekki mátt sofa en átt að vera stöðugt fyrir framan tölvuna og sinna auglýsingum og spjalli út af vændinu. Ákærða hefði þvingað hana til að stunda vændi. Hún hefði að vísu komið til landsins til að stunda vændi en undir öðrum kringumstæðum. Hún hefði ekki getað valið úr viðskiptavinum, sem oftast hefðu verið 7-8 á dag en stundum 4. Kynni við viðskiptavini hefðu komist á á netinu og símleiðis. Ákærða hefði stöðugt fylgst með henni. Vændið hefði verið auglýst á einkamál.is. Öll þjónusta hefði verið í boði að ósk viðskiptavina. Venjulegt kynlíf hefði kostað 20.000 krónur. Ákærða hefði tekið alla innkomuna og hefði hún því unnið frítt í þrjá mánuði og einungis fengið að borða þegar ákærðu þóknaðist. Ákærða hefði sett þær reglur sem henni þóknaðist hverju sinni. Hún hefði ekki mátt tala við aðra en viðskiptavini; ekki mátt tala við fjölskyldu sína. Hún hefði sofði í sófa í stofunni og ekki mátt ganga um íbúðina að vild og ekki mátt nota eldhúsið án leyfis ákærðu. Oft hefði hún verið læst inni í herbergi er gestir voru hjá ákærðu. Hún hefði ekki getað nálgast vegabréf sitt en ákærða hefði sagt að það væri geymt í öryggishólfi í banka. Ákærða hefði oft hótad henni og sagst vera í samböndum og þekkja fólk sem hún gæti borgað fyrir að drepa hana. Hún hefði vitað af einu tilviki þar sem ákærða hafði sent menn á stúlku undir yfirskini viðskipta en til að nauðga henni og meiða. Ákærða hefði hótad að láta menn nauðga henni. Undir lokin hefði hún reynt að flýja en ákærða ætlaði að koma með einhvern Hilmar og láta hann drepa hana. Ákærða hefði oft beitt hana líkamlegu ofbeldi á heimilinu. Lamið höfði hennar upp að vegg, slegið hana með skóm í höfuðið, skellt henni í gólfið og lamið með skó í andlitið. Andlegt tjón hennar hefði þó verið meira en hið líkamlega af völdum ákærðu. Henni hefði liðið eins og réttindalausri manneskju án allra pappíra og undir hæl ákærðu. Hún hefði verið hrædd við ákærðu en enga þekkt nema ákærðu sem hefði verið eins og sjálfur djöfullinn.

Vitnið kvaðst ekki hafa haft tækifæri til að flýja og ekki getað leitað til lögreglu. Hún hefði verið símalaus. C hefði komið í október 2009 sem einhvers konar yfirmaður hjá ákærðu en hún hefði ekki búið að [...]. E og D hefðu búið að [...] um tíma og stundað vændi eins og vitnið en fengið sína peninga. Þær hefðu

einnig þurft að þóknast ákærðu og gera það sem hún vildi. Þær hefðu séð framkomu ákærðu gagnvart henni en ekki getað hjálpað henni. Ákærða hefði ekki stundað vændi sjálf.

Vitnið kvaðst hafa komist frá ákærðu 23. október 2009. Þann dag hefði ákærða verið að ræða við C og ætlað að loka vitnið inni í herbergi en gleymt að læsa. Hún hefði þá sloppið út og hringt á dyrabjöllur í nokkrum íbúðum. Ákærða hefði verið á eftir henni. Einn íbúanna hefði hleypt henni inn og leyft henni að hringja í lögregluna. Lögreglan hefði svo komið á staðinn og aðstoðað hana við á ná dót sitt og vegabréf í íbúð ákærðu. Ákærða hefði í fyrstu neitað að afhenda lögreglunni vegabréf vitnisins en að lokum látið undan og sótt það. Ákærða hefði síðan slegið hana með hendinni í viðurvist lögreglumannanna í andlitið, lærið og aftan á herðablaðið.

Aðspurð kannaðist vitnið ekki við að hafa verið stöðugt að rífast við ákærðu eins og vitnið C beri. Þá hefði hún ekki verið í sambandi við vitnið N um haustið. Þau hefðu hins vegar verið í sambandi í ágúst er hún reyndi að flýja og hún hitti hann í Apótekinu. O hefði hins vegar verið í sambandi við hana á netinu um haustið. Hún hefði sagt honum að hún væri gegn vilja sínum í íbúð ákærðu. Vitnið kvað ákærðu ekki hafa hent henni út úr íbúð sinni 23. október vegna baktals vitnisins. Hún hefði kallað á lögreglu til að komast út og fá vegabréf sitt. Hún hefði verið í algerri ánaud, átt að gera allt en verið án vegabréfs, síma og peninga.

Vitnið kvaðst hafa átt 800.000 krónur er hún kom að [...] og hefði hún falið féð. Ákærða hefði fundið það og tekið. Hún hefði verið þræll og hvorki haft lykla að íbúð né útidrym. Vitninu voru kynnt gögn um peningasendingar hennar til banka á Spáni og Senegal. Kvaðst hún hafa verið að borga reikninga og greiða manni á Spáni skuld, um 600 evrur að því er hana minnti. Fjárins hefði hún aflað með vændi í [...], en ekkert hefði komið út úr vændinu að [...]. Þessar millifærslur hefðu farið fram í september og október 2009. Þá kvað hún ákærðu hafa látið sig hafa peninga er hún þurfti að borga af íbúð á Spáni.

Vitnið kvað aðstæður sínar hafa verið aðrar er hún stundaði vændið í [...], frá júlí og til 16. ágúst 2009. Þá hefði hún fengið 50% af innkomunni og getað lagt fyrir þótt ákærða tæki stundum peninga af henni. Að [...] á tímabilinu 16. ágúst til 23. október sama ár hefði hún enga peninga fengið en verið svipt frelsi, beitt ofbeldi og verið án síma og fjár.

Ákærða neitar alfarið sök í málinu að því er tekur til þessara ákæruliða. Í skýrslu sinni fyrir dómi við aðalmeðferðina kvað ákærða B hafa komið til hennar í september eða október 2009. Hana hefði vantað þak yfir höfuðið. Hún hefði sagt B að hún gæti dvalið á heimili sínu, en að hún yrði að aðstoða á heimilinu. Þær hefðu orðið vinkonur. B hefði verið vændiskona eins og ákærða. Hún hefði starfað sem vændiskona á heimili ákærðu af frjálsum vilja, oftast er ákærða var ekki heima. B hafði haft fullt frelsi á heimilinu og getað farið og komið að vild. Hún hefði getað farið í búðir og hitt vini sína. Aðspurð kvaðst ákærða hafa haft tekjur af vændi B. Hún hefði tekið helming tekna hennar, en B hefði á móti haft aðgang að öllu á heimilinu og orðið að taka þátt í þeim kostnaði. B hefði hins vegar ekki stundað vændi sérstaklega til að greiða ákærðu kostnað. Ákærða kvaðst aldrei hafa hóttað B lífláti eða að beita hana ofbeldi. Þær hefðu einu sinni lent í átökum er B var að yfirgefa heimilið en vildi koma aftur. Þetta hefðu ekki verið áflog heldur átök. B

hafði logið upp á ákærðu án hennar vitundar og hún því vísað henni á brott.

Ákærða ítrekaði að B hefði alltaf verið frjáls ferða sinna er hún bjó hjá henni. Þær hefðu farið saman á skemmtistaði og út að versla. Hún hefði mátt hafa samskipti við annað fólk. Hún hefði átt vini, m.a. tvo karlmenn. B hefði haft sína viðskiptavini. Ákærða kvaðst hafa bannað B að nota síma, en hún var að hringja mikið til útlanda, einkum Spánar. Hún hefði sagt henni að hætta því vegna of hárra reikninga, sem gátu numið mörg hundruð þúsundum króna. Hún hefði látið hana borga helminginn af öllum símtölunum, en B hefði hringt vítt og breitt um heiminn. Hún hefði bannað henni það.

Ákærða kvað B stundum hafa sofið á sófa í sjónvarpsherbergi en stundum í rúmi ákærðu. Hún hefði aldrei læst hana inni eða bannað henni að borða. B borðaði ekki venjulegt fæði en væri alltaf í megrun og lifði á Herbalife tei og þess háttar. Hún hefði aldrei bannað henni að sofa eða nota salernið. Hins vegar hefði hún sagt B að ganga vel um baðið og að hún ætti að þrifa baðherbergið eftir notkun sína. Hún hefði ekki tekið vegabréf B, en B hefði hins vegar geymt það á heimili ákærðu og tekið það er hún fór. Þá hefði hún aldrei tekið peninga af B í óleyfi. B hefði greitt henni 50%, hitt hefði B sent til Spánar til að greiða skuldir þar. Hún viti ekki hvort þessi 50% sem hún fékk frá B kom úr vændi B. Henni hefði staðið á sama um það. B hefði stundað vændið á heimilinu. Ákærða hefði þá oftast ekki verið heima. Viðskiptavinirnir hefðu viljað vera einir með B. B hefði mátt gera það sem hún vildi. Hún hefði verið gestur hennar. Hún hefði mátt stunda vændi á heimili ákærðu. B hefði ekki gert annað en að stunda vændi, ekki sinnt öðru starfi. Ákærða kvaðst aldrei hafa sagt B að hún hefði áhrif innan lögreglu og í glæpaheiminum. Það væri út í hött, en hún umgangist ekki lögreglumenn og hafi ekki lífverði. Þá hefði hún aldrei sagt að hún myndi láta glæpamenn nauðga B ef hún hlýddi sér ekki. B hefði aðstoðað hana og þær hefðu aldrei rifist. Ákærða kvaðst ekki vita með vissu hvað B tók fyrir vændið. Stundum borgi kúnnar meira, stundum minna. Þá viti hún ekki um kúnna fjölda B. B hefði sjálf svarað í síma sinn. Hún hefði ekki sett B neinar reglur tengdar vændinu á heimilinu, en sagt henni að hún yrði að taka þátt í að halda heimilinu hreinu er kúnnar kæmu. Aðspurð við hvað B hefði aðstoðað hana kvaðst ákærða hafa átt erfiða tíma, ekki síst er þetta mál gegn henni var að fara í gang. Henni hefði liðið illa, verið niðurbrotin og þurft á vináttu að halda. B hefði verið þarna og talað við hana. Er C kom til sögunnar hefði hún hins vegar sagt B að fara, en B hefði verið það óljúft og hún viljað koma aftur. Hún hefði sagt henni að fara og hún farið að því er ákærða hélt. B hefði hins vegar komið og með lögreglunni. Ákærða hefði sagt að lögreglan ætti að hjálpa B að bera töskur hennar út. B hefði þá reynt að komast inn. Ákærða hefði ekki viljað það og ýtt henni út. Lögreglan hefði verið viðstödd. Hún hefði ýtt við B en ekki slegið hana. Ýtt við henni á hægri öxl hennar að framan svo hún kæmist ekki inn. Lögreglan hefði komið til að fjarlægja dót B. Hún sagði lögreglu að taka allt er B ætti því hún vildi ekki að hún kæmi aftur. B hefði ætlað að taka síma er tilheyrði ákærðu og þá hefði ákærða reiðst. Í töskunum hefðu föt og allt dót B verið. Aðspurð hvort lögreglan hefði beðið hana að sækja vegabréf B svaraði ákærða því til að hún hefði sagt lögreglunni að taka allt sem tilheyrði B úr íbúðinni. Þeir yrðu að aðstoða hana. Lögreglan hefði aldrei beðið hana um vegabréf B. Aðspurð hvort hún hefði rétt lögreglunni vegabréf B kvaðst ákærða hafa látið lögregluna hafa allt sem tilheyrði B. Hún hefði látið þá hafa tösku B. Vegabréf B hefði verið í töskunni. Enn aðspurð kvaðst ákærða kannski hafa náð í vegabréfið í svefnherbergi sitt. Hún hefði látið lögregluna hafa allt sem var í herbergi hennar.

Ákærða kvaðst ekki hafa neina menn í kringum sig sem verndi hana og vinni verk fyrir hana. Hún hefði talið löglegt að vinna í vændi. Hún kvaðst hafa kynnst B í gegnum M, vinkonu B, sem hefði hringt í hana frá Spáni og spurt hvort hún gæti lánað B peninga til að koma til Íslands. Hún hefði samþykkt það og B komið. Leiðindi hefðu komið upp milli hennar og B haustið 2009 þegar C sagði henni að B stæli frá ákærðu og baktalaði hana. Þess vegna hefði ákærða fengið nóg og sagt B að fara. Ákærða kvaðst hafa treyst því að C væri að segja satt. Aðspurð hvort einhver af stúlkunum hefði komið til landsins vegna auglýsingar á Spáni kvað ákærða B hafa sagst þekkja E og D á Spáni en þær þyrftu lán til að komast til Íslands. Hún hefði sagt B að láta þær hafa símanúmer hennar. Þær hefðu hringt í hana og úr því hefði orðið að hún lánaði þeim fyrir flugfari til Íslands sem þær ættu síðan að endurgreiða henni.

Vitnið C sagði í skýrslu hjá lögreglu 8. desember 2009 að ákærða hefði beitt B ofbeldi, kúgun og innilokun. Hún hefði orðið vitni að því í eitt skipt að B vildi komast á salerni en fékk ekki leyfi frá ákærðu. Þá hefði B oft verið læst inni í sjónvarpsherberginu. B hefði ekki verið frjáls ferða sinna. Ástæðu þess að B mátti ekki nota salernið kvað vitnið hafa verið ótta ákærðu um að hún myndi gera eitthvað af sér, t.d. ná að hringja í einhvern. Vitnið kvaðst oft hafa heyrt ákærðu hóta að drepa B, bæði svo B heyrði til og ekki. B hafi ekki mátt hafa samskipti við neina nema vændiskúna. Í skýrslutöku hjá lögreglu 10. desember kom svipað fram hjá vitninu og áður um slæma framkomu ákærðu við B, D og E og um það hve illa B leið í vistinni að [...] og ráðaleysi hennar gegnvalt aðstæðum. Vitnið gaf skýrslu fyrir dómi sama dag og staðfesti skýrslu sína hjá lögreglu.

Í skýrslu sem vitnið gaf fyrir dómi fyrir aðalmeðferð í málinu kvað hún framkomu ákærðu við B hafa verið eins og framkomu manns við dýr sem ætti að leiða til slátrunar. Ákærða hefði haft viðbjóð á B, lokað hana inn í herbergi, bannað henni að pissa o.fl. Ákærða hefði stöðugt rifist við B, bannað henni að sofa og lokað hana inni. B hefði farið að öskra á móti. Það hefði verið það eina sem hún gat gert. Hún hefði verið læst inni og ekki komist út. Hún hefði aðeins fengið að fara út í búð, t.d. með vitninu. Undir lokin hefði hún ekkert fengið að fara. Hún hefði hvorki haft síma né sjónvarp. Þá hefði ákærða tekið vegabréf B. Ákærða hefði oft rífið í hárið á B og ýtt henni. Hún viti ekki hvort ákærða lamdi B. Ákærða hefði sparkað í hana. Er lögreglan kom hefði ákærða verið óð með hnefann á lofti og slegið B. B hefði verið haldið inni í herbergi á heimili ákærðu. B hefði verið hálfgerst sirkusdýr. Ákærða hefði gert lítið úr henni fyrir framan menn og látið menn hlæja að henni.

Vitnið E, kölluð E, var yfirheyrð af lögreglunni á Spáni. Hún kvað B hafa dvalist hjá ákærðu að [...]. B hefði sagt henni að ákærða hefði tekið vegabréfið af henni og 7.000 evrur. B hefði eingöngu mátt fara út til að fara á stórmarkað og hún hefði ekki mátt tala við neinn. Ákærða hefði tekið símann af B og brotið hann. Vitnið kvað B hafa mátt sæta stanslausum þvingunum og munnlegum hótunum, auk þess sem vitnið vissi til þess að ákærða hefði beitt hana líkamlegu ofbeldi þótt vitnið hefði ekki sjálft orðið vitni að því. B hefði verið vöktuð öllum stundum. Hún hefði ekki getað farið að sofa fyrr en ákærða fór að sofa og ákærða hefði fylgst með hverri hreyfingu hennar. Vitnið kvaðst hafa dvalist á heimili ákærðu fyrstu dagana eftir að hún kom til landsins, en síðan hefðu hún og D flust að [...].

Vitnið gaf skýrslu við framhald aðalmeðferðar málsins 31. maí sl. Kvað hún ákærðu og B hafa rifist allan daginn og öskrað. B hefði ekki haft aðgang að vegabréfi sínu. B hefði verið undir meira eftirliti en hinar stúlkurnar. Hún hefði sagt þeim að ákærða hefði tekið símann af henni og 7.000 evrur. Hún hefði ekki séð það sjálf.

Vitnið *D*, kölluð *D*, var yfirheyrð af lögreglunni á Spáni. Vitnið kvað ákærðu ekki hafa komið sérstaklega illa fram við sig, en öðru máli hefði gegnt um B. Ákærða hefði sýnt B slæma framkomu. Þær hefðu rifist mikið og ákærða bannað B að hafa samskipti við fjölskyldu sína. Vitnið kvaðst tvívegis hafa séð ákærðu slá B í andlitið. Ákærða hefði hóttað B og sagt að ef hún gerði ekki eins og ákærðu þóknaðist myndi hún senda hana til einhverra vina sinna til þess að þeir gerðu upp sakir við hana. Vitnið kvað ákærðu hafa fylgst með því að B hringdi ekki eða hefði samskipti við annað fólk. Í annað skiptið sem vitnið sá ákærðu slá B, hefði það verið vegna þess að ákærða stóð B að því að tala í símann. Ákærða hefði þá barið B í andlitið og brotið símann.

Vitnið kvað B ekki hafa haft aðgang að vegabréfi sínu, ákærða hefði verið með það. Þá hefði B mátt þola stanslausa niðurlægjandi framkomu frá ákærðu. Ákærða hefði viljað afmá vilja B sem persónu og tekið allt frelsi af henni, hvort sem var til hreyfinga eða athafna. B hefði komið fram eins og ambátt ákærðu. Vitnið kvað B hafa mátt fara í stórmarkað sem var nálægt heimili ákærðu en að öðru leyti hefði B verið ófrjáls. Vitnið kvað B hafa orðið eftir á [...] er hinar fóru að [...]. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð B lokaða inni.

Vitnið *J*, íbúi að [...], sem hringdi í Neyðarlínuna að beiðni B, gaf skýrslu hjá lögreglu. Kvað hún B hafa hringt á dyrabjöllu hjá sér og beðið um hjálp. B hefði fengið að hringja á Neyðarlínuna. Lögreglan hefði komið 30 mínútum síðar. B hefði verið mjög æst, stressuð og óttaslegin og sagt að hún hefði ekki neinn síma, peninga eða vegabréf og væri í miklum vanda. Ákærða hefði tekið þetta af henni og hefði haldið henni gegn sínum vilja.

Vitnið kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og staðfesti framburð sinn hjá lögreglu og var framburður vitnisins fyrir dómi í samræmi við þann framburð í meginatriðum. Aðspurð kvaðst hún hafa séð B áður í lyftu í húsinu og séð hana í Bónus. Vitnið kvað B hafa sagt sér að ákærða héldi henni nauðugri og að hún þyrfti að endurheimta vegabréf sitt.

Vitnið *K* staðfesti í skýrslutöku hjá lögreglu frásögn B af því er þau hittust á Apótekinu og að hún hefði fengið að gista hjá honum. Vitnið gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hann kvaðst hafa kynnst B í Apótekinu og hefði hún sagst vera túristi og byggi í [...]. Hann hefði heimsótt hana þangað en hún hefði sagst vera þar hjá vinkonu sinni, Lindu, sem vitnið þekkti ekki. Hann hefði ekki hjálpað henni að komast frá ákærðu. B hefði verið að leita sér að íbúð í miðbænum. Hún þyrfti að flytja út. Hann hefði boðið B að gista hjá sér og hefði hún dvalið í íbúð hans í 2-3 daga en þá hringt í hann og sagst vera farin. Hann hefði aldrei verið í sambandi við hana í september eða október 2009. Einu samskiptin hefðu verið í ágúst. B hefði aldrei haft á orði að hún væri í hættu eða að henni liði illa.

Vitnið *N*, vinur *B*, sagði hjá lögreglu að hann hefði fyrst kynnst *B* þegar hún dvaldi á [...]. Hann staðfesti frásögn *B* um að hann hefði hitt hana á Apótekinu þann 15. ágúst 2009, að þau hefðu skipst á símanúmerum og síðan hist morguninn eftir í [...]. Þau hefðu farið á bar niðri í bæ en *B* síðan farið sína leið. *B* hefði verið mjög stressuð og spurt hann hvort ákærða hefði nokkuð hringt í hann. Hann hefði spurt hana hvers vegna hún hefði ekki farið úr landi og hún svarað að ákærða væri með vegabréf hennar. Hann hefði skilið það svo að *B* yrði að skila einhverri vinnu áður en hún fengi vegabréfið aftur. Vitnið kvað *B* hafa sagt sér ýmsar sögur um dvöl sína hjá ákærðu en hann hafi ekki lagt mikinn trúnað á þær. Hann hafi þó skynjað að *B* leið mjög illa og hefði hún rætt um að hún vildi fara í skóla eða fá sér venjulega vinnu.

Vitnið gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hann kvaðst hafa verið kunningi *B*, sem hefði búið að [...] við hlið íbúðar hans. Þar hefði vændi verið stundað. Þau hefðu oft hist, en hann væri rithöfundur og hefði haft áhuga á að kynnst heimi hennar sem vændiskonu. Þau hefðu hist á kaffihúsum. Hann kvaðst ekki vita um sannleiksgildi frásagna *B*. Hann taki hana ekki trúanlega. Hann kvaðst hafa sótt *B* að [...]. Hún hefði verið í uppnámi, klóruð og með glóðarauga af völdum ákærðu að hennar sögn. Hún hefði verið haldin vanmáttartilfinningu. Hún hefði viljað koma undir sig fótunum á Íslandi. Hún hefði sagst taka 20.000 krónur á hvern kúnna og kæmi hluti af því fé í hennar hlut. Hann hefði fengið loðin svör er hann spurði hana um vegabréf hennar. Eitt svaranna hafi verið að ákærða væri með það. Hún hefði sagst skulda ákærðu peninga og fengi hún vegabréfið er skuldin hefði verið greidd. Vitnið kvað *B* hafa verið brotna og tætta á sálinni. Hún væri reglukona og búddisti og hann skyldi ekki af hverju hún væri að stunda vændi. Henni liði ekki vel í því starfi. Hann kvað *B* hafa virst vera skotna í honum og hefði ákærða ekki viljað að þau töluðu saman þar sem þau gætu orðið ástfangin. Hann kvaðst oft hafa rekið sig á að *B* segði ósatt og nefndi hann dæmi því til sönnunar. Hann kvaðst lítilllega hafa kynnst ákærðu og hefði hann ekki reynt hana að ósannsögli. Hann kvað *B* hafa verið óánægðað með launin hér á landi en hún hefði sagst að kunnarnir væru betri hérlendis.

Vitnið kvaðst hafa hitt *B* er hún bjó að [...] og er hún bjó að [...] en síðan ekki fyrr en hún var komin í kvennaathvarfið. Hann kvaðst því ekki minnst þess að hafa hitt *B* er hún bjó að [...] hjá ákærðu.

Vitnið *O* var yfirheyrður af lögreglu. Hann kvaðst hafa þekkt *B* í um eitt ár. Þau hefðu mest talað saman á MSN. Hann hefði ekki talað við hana í símann því ákærða hefði ekki leyft það. Hún hefði brjálást ef *B* talaði í símann. Hann kvað *B* ekki hafa búið við góðar aðstæður á Íslandi, hún hefði fengið lítið að borða, sætt stöðugum hótunum af hálfu ákærðu, banni við símanotkun og banni við því að fara úr húsi. **B** hefði sagst honum frá þessu.

Vitnið kvaðst einhverju sinni hafa hringt í *B* í farsíma hennar en ákærða svarað, verið með skammir og sagst honum að láta *B* í friði og hætta öllum samskiptum við hana. Vitnið kvaðst hafa frétt það síðar að ákærða hefði eyðilagt síma *B* að loknu þessu símtali. Vitnið kvað *B* hafa búið við mikið andlegt og líkamlegt ofbeldi af hálfu ákærðu, sem hafi verið fólgið í frelsissviptingu, samskiptabanni og hún hafi verið neydd til að stunda vændi. *B* hafi ekki þorað að flýja af ótta við ákærðu.

Vitnið gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Kvaðst hann hafa hitt B í Apótekinu og fengið netfang hennar. Þau hefðu spjallað saman á MSN og í síma. Hún hefði lítið talað um ákærðu. Henni hefði liðið illa og viljað komast í burtu. Hún hefði talað um hótanir ákærðu en ekki lýst þeim. Hann hefði vitað að hún stundaði vændi en ekki hefði hann vitað hvar hún bjó. Þau hefðu farið saman út að ganga í nóvember 2009 en þá hefði B búið í kvennaathvarfinu og þau verið í sambandi. Vitnið kvað B aldrei hafa beðið hann um að koma og bjarga henni. Hann hefði aldrei upplifað þetta eins og B hefði verið í haldi. Hann staðfesti að hafa sagt lögreglu að B hafi lýst fyrir honum frelsissviptingu sinni og að hún hefði verið neydd í vændi og að sími hennar hefði verið eyðilagður. Sumt af þessu hefði B sagt honum er hún var hjá ákærðu og sumt er hún var komin í kvennaathvarfið.

Vitnið *Birgir Örn Guðjónsson* lögreglumaður gaf skýrslu hjá lögreglu 2. febrúar 2010. Hann kvaðst hafa komið á vettvang þar sem B hafi reynt að flýja frá ákærðu á [...]. Hann kvað B hafa sótt töskur sínar inn í anddyri íbúðarinnar en ákærða hefði farið inn í svefnherbergi sitt til að ná í vegabréf B. Vitnið kvað útilokað að vegabréfið hafi verið í handtösku B. Vitnið kvað B greinilega hafa verið mjög hrædda við ákærðu sem hafi ekki reynt að fela stjórnsemi sína og ráðist að fyrra bragði á B og slegið hana í höfuðið.

Vitnið gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hann kvað lögregluna hafa verið kallaða að [...] vegna einhvers sem hefði flúið ákærðu og væri staddur hjá nágretta. Á vettvangi hefðu þeir hitt B fyrir skjálfaði á beinum og hrædda. Hún hefði sagt að hún hefði flúið frá ákærðu en ætti þar inni farangur og vegabréf, síma og peninga, en hún þyrði ekki að fara ein til ákærðu. Vitnið kvað þá hafa farið að íbúð ákærðu og knúið dyra. Ákærða hefði komið til dyra og verið æst og rifist. Lögreglan hefði beðið um dót B. Þeir hefðu tekið töskur hennar sem voru við innganginn. Þeir hefðu beðið um vegabréf og síma B og eftir mikinn æsing hefði ákærða sótt umslag inn í herbergi í íbúðinni og grýtt því í þá. Í umslaginu hafi ferðaskilríki B verið. Umslagið hefði ekki verið í neinni tösku. Vitnið kvaðst sjálfur hafa tekið við umslaginu og skoðað innihald þess. Ákærða hefði slegið til B en engin átök orðið. Lögreglan hefði gengið á milli. Vitnið kvað B hafa sagst vilja komast út og sleppa frá ákærðu og segja frá öllu. B hefði verið hrædd og sagt að henni hefði verið haldið í íbúð ákærðu við að stunda vændi. Vitnið kvað B ekki hafa viljað fara inn í íbúð ákærðu og því væri það ekki rétt að ákærða hefði verið að varna henni inngöngu.

Vitnið *Friðrik Ingvi Jóhannsson* lögreglumaður gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Framburður hans var mjög á svipuðum nótum og framburður vitnisins P. Þarna hefði B verið að flytja út frá ákærðu og ekki verið samkomulag um hvernig það átti að ganga fyrir sig. B hefði verið ósátt við ákærðu sem hefði haldið henni sem kynlífsþræli og ekki látið hana hafa umsamdar greiðslur og tekið peninga af henni. Hún hefði viljað fá vegabréf sitt, farasíma o.fl. Gengið hefði verið í það að ná í þessa hluti til ákærðu og hefði B fengið vegabréf sitt og útrunna farseðla afhenta. Mikill æsingur og taugatitringur hefði verið milli kvennanna. Ákærða hefði veist að B og slegið hana í höfuðið. Lögreglan hefði gengið á milli. Ákærða hefði loks farið inn í tiltekið herbergi og sótt umslag sem vegabréf B var í. Vegabréfið hefði því ekki verið í neinum töskum sem þeir tóku. B hefði virst hafa beyg af ákærðu en þó reynt að standa upp í hárinu á henni.

Niðurstaða.

Ákæruliður I.1.

Samkvæmt ákærulið I.1. er ákærðu gefið að sök mansal, frelsissvipting, ólögmæt nauðung og hótanir, með því að hafa, í þeim tilgangi að notfæra sér B kynferðislega, neytt hana til þess að stunda vændi frá 16. ágúst 2009 á heimili ákærðu að [...], ákærðu til framfærslu og viðurværis, með því að hóta henni lífláti og líkamsmeiðingum, sparka og slá í líkama hennar, svipta hana frelsi sínu og koma í veg fyrir samskipti hennar við aðra en viðskiptavini vændisstarfseminnar, meðal annars með því að læsa hana inni í herbergi, meina henni að yfirgefa íbúðina og banna henni að borða, sofa og nota salerni nema með leyfi ákærðu. Ákærða beitti B jafnframt ótilhlýðilegri aðferð, með því að taka af henni vegabréf og peninga sem og ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja og hagnýta sér villu hennar um aðstæður á Íslandi, er hún sagði henni að ákærða væri valdamikil hér á landi og hefði mikil áhrif innan löggæslustofnana og glæpaheimsins á Íslandi og gæti því látið glæpamenn nauðga henni hlýddi hún ekki ákærðu. Voru hótanir ákærðu til þess fallnar að vekja hjá B ótta um líf, heilbrigði og velferð sína, sem varð til þess að hún þorði ekki að leita aðstoðar yfirvalda fyrr en henni tókst að komast út úr íbúð ákærðu föstudaginn 23. október 2009.

Samkvæmt ákærulið I.2. er ákærðu gefin að sök líkamsárás, með því að hafa föstudaginn 23. október 2009 að [...] slegið B í höfuðið, þegar lögreglumenn aðstoðuðu B við að sækja vegabréf sitt á heimili ákærðu.

Samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 227. gr. a. almennra hegningarlaga, eins og ákvæðið hljóðaði þegar atvik þessa máls áttu sér stað, felast efnisþættir mansals, sem refsing er þar lögð við, í fyrsta lagi í því að þolandi brots sé eða hafi verið beittur ólögmætri nauðung, frelsissviptingu eða hótun eins og greinir í 225., 226. eða 233. gr. laganna eða ólögmætum blekkingum eða annarri ótilhlýðilegri aðferð. Í öðru lagi að sá, sem brot fremur, útvegi, flytji, hýsi eða taki við þolanda þess og í þriðja lagi að sá brotlegi geri þetta til að notfæra sér þolandann kynferðislega, til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans. Til þess að um mansal geti verið að ræða, verða allir þessir þrír þættir að vera til staðar.

Dómurinn telur sannað að vitnið B kom til Íslands til að stunda vændi á vegum ákærðu. Um það sömdu þær, auk þess sem þær sömdu um hvað koma ætti í hlut ákærðu af tekjum B vegna vændis hennar. Ósannað er að ákærða hafi beitt B blekkingum til þess að fá hana hingað til lands til að stunda vændi fyrir sig eða um aðrar aðstæður í tengslum við starf hennar fyrir ákærðu. Óumdeilt er að ákærða lagði út fyrir flugfari B til landsins, sem hún þurfti síðan að endurgreiða. Þá er óumdeilt að ákærða hýsti B á heimili sínu að [...], tók 50% af tekjum B af vændi og lét B auk þess taka þátt í kostnaði af rekstri heimilisins. Dómurinn telur sannað að ákærða tók vegabréf B af henni og geymdi á heimili sínu. Að mati dómsins fólst í því ámælisverð háttsemi af hálfu ákærðu. Á hinn bóginn verður því ekki slegið föstu að B hefði ekki getað fengið vegabréf sitt afhent ef hún hefði farið fram á það. Á því stóð ekki af hálfu ákærðu er B stundaði vændi fyrir ákærðu fyrra tímabilið er hún dvaldist hér á landi.

Hér að framan var rakinn framburður B og fleiri vitna um framkomu ákærðu við B.

Bera vitnin að ákærða hafi komið sérstaklega illa fram við hana. Á hinn bóginn ber til þess að líta að þessi vitni bjuggu einungis í stuttan tíma í sama húsi og B á heimili ákærðu B. Þá hafa sum vitnin borið um atvik sem þau urðu ekki sjálf vitni að en var sagt frá af öðrum. Í þessum efnum verður sem endranær að meta allan vafa ákærðu í hag en hún hefur staðfastlega neitað öllum ásökunum um harðræði og hótanir í garð B. Frásagnir B og vitna um að B hafi oft verið læst inni í herbergi á heimili ákærðu eru mjög almennar og kemur þar ekki fram hvenær slík innilokun átti sér stað eða hve lengi hún stóð yfir. Sama marki eru brenndar frásagnir vitnanna og B um að hún hafi ekki mátt fara ein úr húsi nema til að fara í nærliggjandi verslun og að B hafi ekki mátt hafa nein samskipti við aðra en viðskiptavinina sína. Þótt ekki sé unnt að útiloka að B hafi einhvern tíma mátt þola innilokun af hálfu ákærðu eð bann við að fara út af heimilinu þá þykir dóminum vitnisburður um þessi atriði vera of almennur, óhnitmiðaður og óljós til þess að slá megi því föstu að um ólögmeta nauðung samkvæmt 225. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga hafi verið að ræða gagnvart B. Til þess ber að líta að óumdeilt er að minnsta kosti að B mátti fara í verslanir og ber íbúi að [...] að hafa rekist á B eina í versluninni Bónus þetta haust og mætt henni einni í lyftu hússins.

Eins og að framan getur bera vitnin B, C, E og D allar að ákærða hafi sagt sögur af því að hún hefði áhrif innan löggæslunnar og í glæpaheiminum og að hún gæti fengið menn til að nauðga stúlkunum ef þær óhlýðnuðust henni. Þessu neitar ákærða. Með vætti þessara vitna verður að telja sannað að ákærða hafi látið orð í þessa veru falla, en ekkert hefur komið fram um að í þessum orðum hafi falist slík hótun sem kveðið er á um í 233. gr. almennra hegningarlaga, heldur hafi ætlun ákærðu með sögunum verið að girða fyrir að þær færu á bak við hana eð stælu frá henni.

Fram hefur komið í vætti vitna að ákærða og vitnið B hnakkrist oft á heimili ákærðu og bera sum vitni að ákærða hafi slegið til B. Ekki hefur verið sýnt fram á að það hafi hún gert til að neyða vitnið til einhvers í skilningi 225. gr. almennra hegningarlaga.

Ekki verður framhjá því litið að framburður vitnisins B hefur verið nokkuð reikull og óstöðugur í málinu frá upphafi rannsókna. Í dómskýrslu vitnisins undir rannsókn málsins kvað hún ákærðu ekki hafa sýnt sér ofbeldi. Við aðalmeðferðina sakaði hún ákærðu á hinn bóginn um mikið ofbeldi, en gaf þá skýringu á fyrri framburði sínum fyrir dómi að þá hefði hún átt við að ákærða hefði beitt hana mildu ofbeldi. Þá var framburður B um tekjur sínar af vændinu og hvað ákærða tók af því í sinn hlut mjög á reiki. Við aðalmeðferðina kvað hún ákærðu hafa hirt allar tekjur hennar, bæði þegar hún stundaði vændi að [...] í Reykjavík og eins er hún stundaði vændi á heimili ákærðu að [...]. Er á leið skýrslutökuna breytti B framburði sínum og kvaðst hún nú hafa fengið 50% af tekjunum í sinn hlut er hún stundaði vændið í [...] en ekkert að [...]. Þá ber að geta þess að í skýrslutöku fyrir dómi meðan málið var í rannsókn lýsti B vændinu að [...] þannig að þær hefðu tekið 20.000 krónur af hverjum viðskiptavinum, látið ákærðu hafa alla fjárhæðina, hún skipt henni í tvennt og látið þær stúlkurnar hafa 10.000 krónur. Aðspurð kvaðst B næstum því aldrei hafa fengið borgað. Stundum hefði ákærða látið hana hafa

peninga og stundum ekki. Nánar aðspurð í umræddu þinghaldi hvort ákærða hefði tekið allar tekjur hennar á tímabilinu 18. október til loka október, svaraði B því til að ákærða hefði ekki hirt allar tekjur hennar, stundum hefði hún látið hana hafa peninga.

Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið að uppfyllt séu öll skilyrði 1. mgr. 227 gr. a. , 225. gr., 226. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ber því að sýkna ákærðu af sakargiftum vegna mansals.

Kemur þá til skoðunar varakrafa ákæruvaldsins.

Í máli þessu liggur fyrir að vitnið B og vitnin C, E, D, F og G, sem koma við sögu í öðrum ákæruliðum, hafa allar borið á þann veg, bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi, að þær hafi stundað vændi fyrir ákærðu sem hafi skipulagt og stjórnað vændisstarfseminni. Þeim ber saman um hvað greitt var fyrir vændið og hvernig greiðslum var skipt milli þeirra og ákærðu. Þrátt fyrir neitun ákærðu telur dómurinn vætti þessara vitna trúverðugt að þessu leyti. Þá styðja önnur rannsóknargögn, svo sem símhleranir og auglýsingar á veraldarvefnum, þessa niðurstöðu. Vitnin B og C kveða ákærðu hafa neytt sig til að stunda vændið en hinar stúlkurnar kveðast hafa stundað vændið af fúsum og frjálsum vilja.

Rannsóknargögn um fjármál ákærðu, svo sem fjármálagreining lögreglu, sem sýna auknar tekjur hennar á hausmánuðum 2009 þykja styrkja frekar vætti þessara vitna um vændisstarfsemi ákærðu. Þá ber til þess að líta að ákærða hafði yfir að ráða íbúð að [...] í Reykjavík auk eigin íbúðar að [...]. Þykir það styrkja trúverðugleika framburðar vitnanna.

Að þessu virtu og með vísan til framburðar ofangreindra vitna þykir sannað að ákærða hafði viðurværi sitt af vændi B á greindu tímabili, sem ákærða stóð fyrir, skipulagði og lét auglýsa. Þykir brot ákærðu varða við 3., 5., 6. og 7. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga.

Um ákærulið I.2.

Með vætti vitnisins B og lögreglumannanna Birgis Arnar Guðjónssonar og Friðriks Ingva Jóhannessonar þykir sannað að ákærða sló B í höfuðið eins og í ákæru er lýst. Er háttsemi ákærðu réttilega færð til refsíákvæða í ákæru

Ákæruliður II.

Þann 30. desember 2009 yfirheyrði lögreglan á Spáni vitnið D. Vitnið kvaðst hafa verið á Íslandi í október 2009. Ástæða fararinnar til Íslands hafi verið sú að vinkona hennar, E, hafi átt kunningjakonu sem sagði henni að þær gætu unnið sér þar inn um sex hundruð eða eitt þúsund evrur á dag. Við komuna til Íslands hafi allt verið öðruvísi en henni hafði verið sagt. Vitnið kvað ákærðu ekki hafa komið sérstaklega illa fram við sig. Ákærða hefði tekið öll persónuskilríki hennar, bæði vegabréf og búsetuleyfi á Spáni, er hún kom til landsins. Hún hefði endurheimt

vegabréf sitt á brottfarardegi til Spánar um miðjan nóvember, en hún hefði aðeins dvalið í um 15 daga á Íslandi. Hún hefði aldrei fundið fyrir því að hún væri beitt þvingunum af hálfu ákærðu, enda þótt ákærða hefði vissulega nýtt sér þær sem starfsstúlkur sínar með því að skipa þeim að búa til mat, færa sér kaffi, auk þess sem hún hefði öskrað á þær fyrir að vera sofandi í staðinn fyrir að vinna. Ákærða hefði aldrei beitt hana líkamlegum misþyrmingum. Vitnið kvaðst hafa haft lítið fé milli handanna á Íslandi, einungis það sem hún aflaði hjá viðskiptavinum. Vitnið kvað ákærðu hafa verið yfirmann hinnar skipulögðu vændisstarfsemi. Hún hefði tekið við peningunum á kvöldin, orðið eftir á staðnum og sofið þar og haft eftirlit með öllu. Vitnið kvað C hafa komið illa fram við sig á þann hátt að hún útvegaði henni ekki vinnu, setti ekki upp auglýsingu fyrir hana svo hún gæti unnið og af þeim sökum hefðu þær átt í orðasennu. Ákærða hefði greitt flugfarmiðann til Íslands fyrir hana, en hún hefði síðan þurft að endurgreiða ákærðu miðann og greiða meira en miðinn kostaði í raun. Hún hefði þurft að greiða um 50.000 krónur fyrir farmiðann. Ákærða hefði greitt farmiðann af því að vitnið átti ekki fyrir honum. Farmiðinn hefði aðeins gilt aðra leiðina og hefði hún því sjálf orðið að kaupa farmiða til baka. Vitnið kvaðst hafa sett sig í samband við ákærðu í gegnum B. Hún hefði einungis fengið upplýsingar um þá peninga sem hún myndi vinna sér inn og að hún myndi njóta fulls ferðafrelsis. Vitnið kvað ákærðu hafa fengið fimmtíu prósent af tekjum vitnisins af vændinu samkvæmt munnlegu samkomulagi. Þetta hefði gengið þannig fyrir sig að hún hefði afhent ákærðu helminginn og af sínum helmingi hafi vitnið orðið að greiða útgjöld vegna íbúðarinnar, ljós, vatn, fæði o.s.frv. þar sem ákærða greiddi ekkert af þessu og hefði ákærða eitt sinn gengið svo langt að neyða vitnið til þess að fara út og sinna þjónustu við viðskiptavin í kápunni og undirfötunum einum saman. Ekki hefði verið rætt um það áður en hún kom til landsins hver þóknun frá hverjum viðskiptavini ætti að vera og að í hennar hlut ættu að koma 50 prósent af greiðslu. Hanna hefði aðeins sagt henni að þær myndu hafa mikið að gera og vinna sér inn peninga. Vitnið kvað vændisþjónustuna hafa verið skipulagða í samræmi við símhringingar þær sem bærust og auglýsingar þær er birtust á Internetinu. Hver og ein vændiskona hefði haft sinn síma og svarað þeim símhringingum sem henni bærust. C og E hefðu hins vegar svarað símtölum til vitnisins þar sem hún hafði ekki vald á tungumálinu. Auglýsingarnar á Internetinu hefðu verið einstaklingsmiðaðar fyrir hverja stúlku sem starfaði í húsinu. C og ákærða hefðu verið umsjónaraðilar með auglýsingunum og uppfært þær. Vitnið kvaðst hafa haft frelsi til að velja úr viðskiptavinum og hún hefði aldrei verið neydd til að vinna með nokkrum manni. Viðskiptavinir hennar hefðu verið fáir og það hefði tekið hana 15 daga að vinna sér nægilega mikið inn til að greiða fyrir farseðil til Spánar. Hefðbundin vændisþjónusta hefði verið í boði og hún stundað vændið af frjálsum vilja. Sú regla hefði verið sett að þeim var bannað að tala við fjölskyldu eða vini erlendis og hóttað að brytu þær þessar reglur myndi ákærða senda yfirgangsseggi á vettvang sem myndu jafna um sakir við hana. Hvað ferðafrelsi varðar hefðu þær einvörðungu getað farið út í fylgd með ákærðu og færu þær út í laumi án hennar vitundar þegar hún var ekki heima hefði hún verið að fylgjast með þeim og hringja í þær og skamma við heimkomuna.

Vitnið kvaðst hafa haft aðgang að síma, hringt og talað við fjölskyldu sína og lögfræðing sinn. Henni hefði fundist hún hafa verið blekkt til að fara til Íslands þar sem aðstæður hennar voru ekki í samræmi við það sem henni var sagt og hefði henni líðið mjög illa meðan á dvöl hennar á Íslandi stóð. Hún hefði tekið um tuttugu þúsund krónur fyrir hverja þjónustu og afhent ákærðu eða C sem síðan hefðu afhent henni þann hlut sem henni tilheyrði undir lok kvöldsins. Henni hefði

ekki fundist að hún hefði verið eins og fórnarlamb þar sem hún fór í þessa ferð meðvituð um hvað hún var að taka sér fyrir hendur, enda þótt henni hefði fundist hún hafa verið blekk't varðandi þær aðstæður sem hún átti að búa við. Hið eina sem olli því að henni leið eins og hún væri fórnarlamb hefði verið þegar persónuskilríki hennar voru tekin af henni. Henni hefði ekki fundist hún vera eins og fórnarlamb ólöglega fólksflutninga.

Vitnið gaf skýrslu við framhald aðalmeðferðar málsins 31. maí sl. Vitnið kvaðst hafa komist í kynni við ákærðu í gegnum vinkonu sína, E, sem þekkti B. Rætt hefði verið um að þær E fengju 700 til 1000 evrur á dag í vændi hjá ákærðu. Ákærða hefði pantað flugfar fyrir þær og greitt fyrir þær flugfargjaldið til Íslands, sótt þær á flugvöllinn í leigubifreið og farið með þær heim til sín. Hún hefði síðan þurft að endurgreiða ákærðu fargjaldið og meira til. Ákærða hefði verið góð við hana í fyrstu en síðan hefði það breyst. Eftir að hafa dvalist í eina og hálfu viku á heimili ákærðu hefðu þær verið fluttar í annað húsnæði. Þá hefði ákærða tekið vegabréfin af þeim. Eftir það hefði ákærða ekki komið vel fram við þær. Ákærða hefði tekið vegabréfin af þeim svo þær stælu ekki frá henni eða færu burt. Hún hefði ekki verið sátt við þetta og beðið um að fá vegabréf sitt. Það hefði ákærða ekki tekið í mál. Hún hefði verið mjög hrædd við hvað ákærða gæti gert. Hún gæti hugsanlega meitt vitnið. Því hefðu bæði ákærða og B hótað. Ákærða hefði beitt sálrænum þvingunum og sagt að hún væri fræg og að hún myndi senda menn á vitnið ef vitnið sviki hana. Hún hefði oft orðið hrædd vegna framkomu ákærðu.

Vitnið kvað ákærðu hafa verið yfir vændisstarfsemi og tekið 50% af allri innkomu og einnig rukkað sérstaklega fyrir leigu og rekstur fasteignar. Er þær bjuggu heima hjá ákærðu hefði ákærða fylgst með vinnu vitnisins en er þær voru fluttar að [...] hefði C tekið við því hlutverki. Ákærða hefði sett ýmsar reglur varðandi klæðaburð, notkun síma o.fl. Vændið hefði gengið þannig fyrir sig að viðskiptavinur borgaði henni áður en þjónustan var innt af hendi, hún afhenti ákærðu alla upphæðina en fékk síðan sinn hlut frá ákærðu. Vændið hefði verið auglýst á Internetinu og símanúmer gefin upp og ef hringt var hefðu annaðhvort C eða E svarað. Ákærða hefði útvegað þeim öllum gsm-síma.

Vitnið kvaðst hafa afgreitt 2-3 viðskiptavinum á dag er hún stundaði vændið á heimili ákærðu en á [...] hefði hún ekki fengið að vinna mikið eða ekki neitt. C hefði ekki viljað auglýsa hana. Þá hefði vitnið ekki viljað klæða sig samkvæmt forskrift ákærðu. Vitnið kvað ákærðu hafa ákvarðað verðið fyrir þjónustuna, sem hafi verið 20.000 krónur fyrir hvert skipti.

Vitnið kvað C hafa farið að stunda vændi á bak við ákærðu og þá hefði C kvartað við ákærðu um aldur vitnisins.

Ákærða hefði sagt að hún hefði ítök innan lögreglunnar. Þær hefðu því ekki leitað til lögreglunnar. Hún hefði getað losnað frá ákærðu með því að ljúga því að hún gæti útvegað henni 20 ára stúlku í sinn stað. Vitnið kvaðst hafa talið að henni væri skylt að vinna fyrir ákærðu í 3 mánuði. Vitnið kvaðst hafa stundað vændið hér á landi af frjálsum vilja. Hún hefði ekki verið neydd til þess.

Vitnið E var yfirheyrð af lögreglunni á Spáni. Vitnið kvaðst hafa farið til Íslands til að stunda vændi, en vinkona hennar, B, hefði sagt henni að hún gæti unnið sér inn um eitt þúsund evrur á dag, en hún yrði að greiða útgjöld og

ferðakostnað. Dvölin yrði um 3 mánuðir og mikil vinna í boði. Vitnið kvaðst hafa verið á Íslandi frá 3. október til 3. desember 2009. Komið hefði í ljós að engu vinnu var að fá eða aðeins þrjú kunnar á dag en ekki sjö til tíu á dag eins og henni var sagt. Vændið hefði verið stundað í íbúðinni sem hún var í. Ákærða hefði verið yfirmaður yfir vændiskonunum í íbúðinni, tekið á móti þeim, haft eftirlit með þeim og ráðstafað öllu fé sem kom inn vegna vændisins. Ákærða hefði lofað góðum tekjum en það hefði ekki staðist, auk þess sem ákærða lét þær vændiskonurnar greiða alls kyns óvænt útgjöld, s.s. húsaleigu. Ákærða hefði umgengist hana eins og hlut og stjórnað henni öllum stundum með járnhendi. Í upphafi heimsóknar sinnar til Íslands hefði vitnið dvalið á [...], en síðan farið á [...]. Fyrstu dagana hefðu hún, ákærða, D og B dvalist á [...], en hún og D síðan farið á [...]. Þá hefði ákærða tekið vegabréfið af henni og verulega þráast við að afhenda henni það aftur. Vitnið hefði ætlað að fara aftur heim þann 27. nóvember 2009 og tilkynnt ákærðu það, en hún alltaf svarað með fyrirslætti, en hefði að lokum afhent vitninu vegabréfið 2. desember í tengslum við komu annarra stúlkna til landsins. Ákærða hefði hvorki beitt hana sálrænum né líkamlegum þvingunum. Hún hefði haft lítið fé milli handanna, enda litla vinnu að fá, og er hún þurfti að senda peninga til Spánar hefði hún orðið að fara með ákærðu sem framkvæmdi millifærsluna. Vitnið kvað ákærðu, sem var yfirmaðurinn, hafa komið fram við allar stúlkurnar eins og þær væru þrælur hennar, gefið þeim fyrirskipanir um að elda mat og gera önnur heimilisverk. Ákærða hefði stjórnað hverri hreyfingu stúlkanna með járnhendi, hvort sem það var inni á heimilinu eða úti á götu. Þær hefðu mátt sæta sams konar hótunum varðandi þá hættu sem fælist í því að kynnast fólki, sem gæti valdið þeim skaða, enn fremur með því að benda þeim á dæmi eða tilfelli sem höfðu átt sér stað og sagt hefði verið frá í fjölmiðlum, þar sem sagt hefði verið að það væru þau og að á hverri stundu gæti það komið fyrir þær ef þær tækju ekki tillit til þess sem hún sagði. Vitnið kvað ákærðu hafa greitt farseðil hennar til Íslands en hún hafi síðan orðið að endurgreiða hann, það væri hluti af starfsreglunum. Umsamið hefði verið að ákærða fengi 50% af því sem viðskiptavinir greiddu. Í samræmi við tekjuöflun hefðu tekjur síðan verið reiknaðar til reksturs, auk þess sem útgjöld vegna gistingar (leiga húsnæðis) var greidd sameiginlega af öllum stúlkunum sem dvöldum þar. Umsjón með símaþvöslu hefði skipst af handahófi milli C og ákærðu. Viðskiptavinir hefðu sett sig í samband við stúlkurnar símleiðis eða í gegnum spjallrásir á Internetinu. C og ákærða hefðu séð um hönnun og uppfærslu auglýsinga á netinu. Ákærða hefði valið myndir af stúlkunum til að setja á netið. Vitnið kvaðst aldrei hafa verið neydd til að láta viðskiptavini í té þjónustu gegn vilja sínum. Hún hefði þjónað frá einum upp í fjóra viðskiptavini á dag. Í boði hefðu verið allar tegundir þjónustu er tengjast vændi. Hún hefði aldrei verið neydd eða þvinguð til að starfa við vændi á Íslandi. Aðspurð hvort hún hefði haft ferðafrelsi á Íslandi kvað hún allar sínar hreyfingar hafa verið vaktaðar. Hún hefði haft síma. Ákærða hefði ekki hótað henni. Henni hefði fundist hún hafa verið blekkst varðandi aðstæður á Íslandi. Vitnið kvað ákærðu hafa tekið við öllum peningum er viðskiptavinir greiddu fyrirfram og síðan endurgreitt hverri stúlku, ýmist undir lok kvölds eða morguninn eftir, það sem henni tilheyrði. C hefði hjálpað þeim til þess að hafa meiri vinnu, látið þær hafa peninga fyrir mat og reynt að sjá til þess að þær gætu farið út. Enn fremur hefði C aðstoðað hana svo hún kæmist frá Íslandi með því að kaupa farmiða og endurheimta vegabréf vitnisins og með því að gera innbyrðis samkomulag við vitnið og D til þess að reyna að blekkja ákærðu og auðvelda þannig brottförina. Henni hafi fundist hún vera fórnarlamb mansals á vissan hátt því henni hefði líðið illa. Jafnframt hefði henni fundist hún vera fórnarlamb ólöglegra fólksflutninga. Vitnið kvaðst vera mjög hrædd við

ákærðu.

Vitnið E gaf skýrslu við framhald aðalmeðferðar málsins. Hún hefði þekkt B sem hefði sagt henni að á Íslandi væri gott að vinna. Hanna hefði svo hringt í vinkonu sína D. Hún hefði hringt í B sem sagði að ákærða myndi borga flugfarið fyrir vitnið og D frá Spáni til Íslands en þær yrðu síðan að endurgreiða ákærðu. Þær hefðu komið 3. október til Íslands. Hanna og ákærða hefðu séð um að setja auglýsingu um þær á netið.

Vitnið kvað ákærðu ekki hafa komið illa fram við sig í fyrstu. Hún hefði þó stundum verið í slæmu skapi og öskrað. Stundum hefði hún komið reið heim og spurt af hverju þær væru ekki að vinna. Ákærða hefði stjórnað vændinu og kvaðst vitnið ekki vita til þess að neinn væri yfir ákærðu. Vændið hefði verið stundað að [...] og að [...] í leiguhúsnaði. Ákærða hefði alltaf verið að fylgjast með því hvað þær voru búnar að þéna. Hún hefði látið þær hafa síma til notkunar, gefið þeim fyrirmæli um klæðaburð og viljað hafa þær „sexy“. Þjónustan hefði kostað 20.000 krónur, þ.e. munnmök og samræði. Viðskiptavinir hefðu greitt í reiðufé. Vitnið hefði fengið 50% af innkomunni að frádregnum kostnaði í sinn hlut. Þá peninga hefði hún sent heim til Spánar. Viðskiptavinir hennar hefðu oftast verið 4-5 á dag en oft hefði hún þurft að vinna í einni lotu í 24 tíma og þá verið þreytt.

Ákærða hefði ekki stundað vændi. Hún væri hætt því. Auk vændis kvaðst vitnið hafa þurft að þrifa heimilið og elda mat.

Vitnið kvaðst hafa komið sjálfviljug til Íslands. Ákærða hefði þvingað hana í þeim skilingi að skipa henni að vinna þrátt fyrir mikla þreytu. Þá hefði ákærða sagt þeim sögur um að hún ætti vini á háum stöðum og þekkti menn sem hún gæti látið nauðga þeim. Tilefni sögunnar hefði verið óljóst en hún hefði sagt þessar sögur til að koma í veg fyrir að verða rænd. Vitnið kvaðst hafa trúað sögunum. D og B hefðu einnig hlustað á sögurnar.

Ákærða hefði tekið vegabréf og kort þeirra D er þær fór á [...]. Vitnið hefði ekki farið til lögreglunnar af því að hún hefði ekki vitað að vændi væri refsilaust á Íslandi. Vitnið kvað ákærðu aldrei hafa lamið sig. Hún hefði hætt að stunda vændi hjá ákærðu í desember sl. Henni hefði fundist hún svikin í tekjum. Þær hefðu ekki verið í samræmi við loforð. Þá hefði hún hætt vegna barna sinna og langrar dvalar fjarri þeim. Þá hefðu nýjar stelpur verið að koma í vændið og þess vegna hefði verið í lagi að hún hætti.

Vitnið kvaðst hafa verið hrædd við ákærðu. Hún hefði eignast vin, Q, og er hún var með honum hefði ákærða stöðugt verið að hringja.

Ákærða neitar sök. Hún sagði við aðalmeðferð málsins að E hefði hringt í sig og sagst ætla að koma með D til Íslands. Hún hefði lánað þeim fyrir fargjaldinu og vitnið C, aðstoðarkona ákærðu, bókað flug þeirra. Hún hefði sagt C að gera það. Ákærða kvaðst hafa vitað að þær væru að koma til Íslands til að stunda vændi. Hún hefði ekki þvingað þær til að koma til Íslands til að stunda vændi. Þær hefðu verið blankar á Spáni, hringt í hana og hún gert þeim greiða. Hún hefði útvegað þeim húsaskjól. Þær hefðu verið tvo daga að [...] en síðan farið að [...], húsnaði sem ákærða leigði. Hún hefði sagt C, sem var húsnaðislaus, að finna húsnaði fyrir þær allar. Hún myndi lána þeim fyrir leigunni ef þær fyndu húsnaði. E og D hefðu tekið

á móti viðskiptavinum ákærðu að [...]. Þær hefðu sagst hafa haft fáa viðskiptavini á [...]. Þær hefðu endurgreitt henni leiguna í slumpum. Hún hefði ekki haft neinar tekjur af vændi þessara kvenna. Þær hefðu ekki haft neina viðskiptavini. Samkomulag hefði verið um það vegna láns til þeirra og notkunar á húsgögnum ákærðu að þær greiddu henni helming af tekjum þeirra. Hún hefði engan hagnað haft af vændi þeirra. Hún hefði ekki tekið vegabréf þeirra. Þær hefðu hins vegar dvalist að [...] í 2 daga, skemmt sér og skilið verðmæt föt og skilríki eftir á heimili ákærðu. Þær hefðu getað sótt þetta hvernær sem var.

Hún hefði aldrei hótad þeim neinu. Þær hefðu haft lítið að gera. Hún hefði ekki útvegað þeim viðskiptavini eða haft milligöngu um það. Þær hefðu haft tölvu og hún hefði kennt þeim hvernig þær gætu komist í kynni við viðskiptavini á einkamál.is. E hefði sjálf ákveðið að kynna sig á einkamál.is. Hún hefði ekki sett myndir á einkamal.is fyrir E.

Vitnið C kvað ákærðu og E hafa rifist á spænsku. Ákærða hefði rukkað E mikið um peninga. Ef E var t.d. gefið kókaín hefði ákærða rukkað hana fyrir það. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærðu beita E ofbeldi en séð hana ýta við henni. Hún og E hefðu einu sinni verið á móteli er ákærða hringdi og skipaði þeim að koma heim. Þær hefðu hlýtt ákærðu. Ákærða hefði verið brjáluð og hefði vitnið beðið eftir höggi en sagt E að fara fram. Ákærða hefði verið með skilríki E. Ákærða hefði sagst vera með skilríkin til öryggis. Þær væru að vinna hjá henni. Oft hefðu þær ráðgert að ná skilríkjunum.

Vitnið kvað samskiptin milli D og ákærðu hafa verið sérstök. D hefði í upphafi logið að ákærðu um aldur sinn. D hefði alltaf kallað ákærðu mömmu. Hún hefði verið hrædd við ákærðu og alltaf reynt að gera henni til geðs. Hún hefði ekki mátt við því að gera neitt á móti ákærðu. Ákærða hefði verið með skilríki D. Hún hefði sagt að hún þyrfti að hafa eitthvað í höndunum. Þær hefðu ekki sagt D frá hótunum ákærðu. Þær hefðu búið til sögu um veikindi barna e svo hún slyppi frá ákærðu.

Vitnið Q gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hann kvaðst hafa kynnst vitninu E á veitingastað í Reykjavík. Hún hefði lýst samskiptum sínum við ákærðu, sagt að hún hefði tekið vegabréf og allt af henni. E hefði unnið á [...] í Reykjavík en áður verið að [...]. Stúlkurnar hefðu þurft að borga ákærðu 50% af því sem þær tóku af hverjum kúnna og af sínum hluta hefðu þær þurft að borga leigu, mat og þrif. Þær hefðu ekki mátt eiga vini. Vitnið kvað tilfinningu E í garð ákærðu ekki hafa verið góða. Hún hefði verið hrædd við ákærðu. Hún hefði viljað hætta í vændinu en ekki þorað það af hræðslu við ákærðu sem hefði hótad að láta nauðga henni. Vitnið kvaðst hafa boðist til að hjálpa E við að losna frá ákærðu. E hefði ekki getað það eða ekki þorað, þar sem ákærða var með vegabréf hennar. Vitnið kvaðst hafa boðið E gistingu og að aka henni á flugvöll daginn áður en hún ætlaði að fara af landi brott. Þau hefðu verið lögst til svefns er ákærða hringdi og var með hótanir. Hann hefði talað við ákærðu sem hefði sagst myndu senda menn til að berja hann ef E kæmi ekki heim. Hún hefði sagst vilja kveðja hana. Hann hefði farið með E á [...]. Þær hefði hún orðið eftir en hann farið sína leið. Hann kvað ákærðu áður hafa hindrað för E frá landinu. Hann kvað E hafa sagt sér að hún hefði komið til landsins á forsendum ákærðu, að stunda vændi. Hún hefði áður stundað vændi úti. Hún hefði viljað komast heim og verið hrædd við ákærðu.

Niðurstæða.

Samkvæmt ákærulið II er ákærðu gefið að sök mansal, með því að hafa, sunnudaginn 11. október 2009, í því skyni að hagnýta sér E kynferðislega, flutt þær til landsins í því skyni að þær stunduðu vændi, beitt þær ótilhlýðilegri aðferð með því að taka af þeim vegabréf eða skilríki, og ólögumætum blekkingum með því að vekja, styrkja og hagnýta sér villu þeirra um aðstæður á Íslandi, er hún sagði þeim að ákærða væri valdamikil hér á landi og hefði mikil áhrif innan löggæslustofnana og glæpaheimsins á Íslandi. Jafnframt að hafa frá 11. október til 7. nóvember 2009 haft atvinnu eða viðurværi sitt af vændi D og frá sama degi til 3. desember 2009, haft atvinnu eða viðurværi sitt af vændi E með því að hafa milligöngu um að fjöldi manna hefðu samræði eða önnur kynferðismök við þær gegn greiðslu um kr. 20.000 í hvert sinn og haft þannig tekjur af vændi þeirra, hýst þær að [...], og útvegað húsnæði undir vændisstarfseminna frá 1. nóvember 2009 að [...] Reykjavík. Ákærða auglýsti einnig eða lét auglýsa vændi þeirra opinberlega á vefsíðum.

Kemur þá til skoðunar hvort ákærða hafi gerst sek um mansal gagnvart D og E eins og henni er gefið að sök í fyrri hluta þessa ákæruliðar. Vísað er til umfjöllunar í niðurstöðukafla ákæruliðar I.1 þar sem mansal er skilgreint og hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt svo refsað verði fyrir mansal.

Báðar komu vitnin E og D gagnert hingað til lands til þess að stunda vændi á vegum ákærðu af fúsum og frjálsum vilja. Sannað þykir að ákærða greiddi flugfargjald þeirra. Þær bjuggu fyrst heima hjá ákærðu og stunduðu þar vændi en fluttust síðan í leiguhúsnæði á vegum ákærðu. Þeim ber saman um að ákærða hafi tekið vegabréf þeirra og skilríki af þeim er þær fluttust að [...], en báðar fengu þær skilríki sín afhent áður en þær héldu til síns heima. Báðar töldu þær tekjur sínar af vændinu hafa verið minni og viðskiptavinum færri en ákærða hafði gefið í skyn. Að þær væntingar brugðust verður ekki talið fela í sér blekkingar eða svik af hálfu ákærðu í skilningi ákvæða um mansal. Hvorug þeirra taldi ákærðu hafa neytt sig til að stunda vændi. Þessi vitni voru að eigin sögn frjáls ferða sinna en bera þó að ákærða hafi verið harður húsbóndi og stöðugt fylgst með þeim og hafi þær orðið að sinna viðskiptavinum öllum stundum. Þær bera báðar að ákærða hafi ekki beitt þær ofbeldi eða hótun um ofbeldi en báðar hefðu þær þó hlýtt á frásögn ákærðu um völd hennar og áhrif innan lögreglu og glæpaheims. Vitnið E sagði fyrir dómnum að tilgangur ákærðu með þessum sögum hefði verið að koma í veg fyrir að hún yrði rænd. Samkvæmt þessu og gegn eindreginni neitun ákærðu er því ósannað að uppfyllt séu skilyrði ákvæðis 1. tl. 1. mgr. 227. gr. a. almennra hegningarlaga um mansal. Er ákærða samkvæmt þessu sýknuð af sakargiftum samkvæmt II. lið ákæru að því er þá háttsemi varðar.

Með vísan til raka í niðurstöðukafla í ákærulið I.1, þar sem talið var sannað með vætti vitnanna B, C, D, E, F og G að þær hafi allar stundað vændi fyrir ákærðu, telst á hinn bóginn sannað þrátt fyrir neitun ákærðu, að frá 11. október til 7. nóvember 2009 hafi hún haft atvinnu eða viðurværi sitt af vændi D og frá sama degi til 3. desember 2009, haft atvinnu eða viðurværi sitt af vændi E með því að hafa milligöngu um að fjöldi manna hefðu samræði eða önnur kynferðismök við

þær gegn greiðslu um kr. 20.000 í hvert sinn og haft þannig tekjur af vændi þeirra, hýst þær að [...], og útvegað húsnæði undir vændisstarfseminu frá 1. nóvember 2009 að [...] í Reykjavík og að ákærða hafi einnig auglýst eða látið auglýsa vændi þeirra opinberlega á vefsíðum. Varðar sú háttsemi ákærðu við við 3., 5., 6. og 7. mgr. 206. gr. sömu laga.

Ákæruliður III.

Við húsleit að [...] voru vitnin F og G í húsnæðinu. Þær voru yfirheyrðar.

Vitnið *G* var yfirheyrð hjá lögreglu þann 3. desember sl. og þá gaf hún skýrslu fyrir dómi daginn eftir. Vitnið kvaðst hafa komið til Íslands til að kynna landinu og stunda vændi. Hún hefði séð auglýsingu og símanúmer á netinu um að það vantaði stelpur í nýtt húsnæði. Þannig hefði hún komist í samband við ákærðu. Vitnið kvaðst hafa stundað vændið að [...] þar sem lögreglan fann hana. Hver viðskiptavinur hefði greitt 20.000 krónur fyrir kynlífsþjónustuna og hefði ákærða tekið helminginn af þeirri fjárhæð. Ákærða hefði séð um að auglýsa vændið. Vitnið kvaðst hafa komið af fúsum og frjálsum vilja til að stunda vændið og hvorki sætt kúgun né ofbeldi af neinu tagi. Ákærða hefði ekki tekið ferðaskilríkin af henni. Fram kom hjá vitninu fyrir dómi að ákærða hefði greitt fargjald vitnisins til Íslands. Vitnið kvað ákærðu hafa verið búna að lofa því að vitnið fengi 200 evrur fyrir hvern vændiskaupanda en það hefði verið langt frá því að standast. Vitnið kvað síma sem notaður var í vændinu hafa verið í eigu ákærðu.

Vitnið *F* var yfirheyrð af lögreglu 4. desember sl. og gaf hún skýrslu fyrir dómi sama dag. Hún kvaðst hafa komið til Íslands til að stunda vændi fyrir ákærðu sem hefði tekið 50% af innkomunni vegna vændisins. Vitnið kvaðst hafa komið vegna auglýsingar á netinu. Vitnið kvað ákærðu ekki hafa greitt samkvæmt samkomulaginu. Að öðru leyti var framburður vitnisins sambærilegur framburði vitnisins *G*.

Ákærða neitar sök varðandi þessa ákæruliði. Ákærða kvaðst ekki hafa þekkt þessar stúlkur, *F* og *G*. Þær væru vinkonur *E* og hefðu viljað koma til Íslands og hringt í hana. Ákærða kvaðst hafa lánað *E* fé fyrir fargjaldi stúlnanna til Íslands og hafi *E* greitt fargjald þeirra og bókað flugið. Þær hefðu búið á [...] af því að *E* var þar. Hún og *E* hefðu sótt þær í Leifsstöð. Þær hefðu svo unnið fyrir sjálfa sig en ekki á vegum ákærðu en hún haldi að þær hafi ekki fengið neina viðskiptavini. Hún hefði verið handtekin viku eftir komu þeirra til landsins og lítið getað fylgst með því sem þær gerðu. Hún hefði ekkert grætt á þeim en lent í fangelsi. Hún hefði ekki fengið fargjald þeirra endurgreitt. Hún kvaðst ekki vita hvernig þær hafi átt að endurgreiða henni. Hún hefði þó vitað að þær stunduðu vændi. Hún hefði aldrei sérð þær stunda vændi.

Niðurstaða.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærðu gefin að sök hagnýting vændis, með því að hafa, þann 23. nóvember 2009, flutt *F* og *G* til landsins í því skyni að þær

stunduðu vændi og haft atvinnu eða viðurværi sitt af vændi þeirra allt til 3. desember 2009. Ákærða hafði milligöngu um að fjöldi manna hefði samræði eða önnur kynferðismök við þær gegn greiðslu að fjárhæð um kr. 20.000 í hvert sinn og hafði þannig tekjur af vændi þeirra, útvegaði húsnæði undir vændisstarfsemina að [...] Reykjavík og auglýsti jafnframt eða lét auglýsa vændi þeirra opinberlega á vefsíðum.

Framangreind vitni kveðast hafa komið hingað til lands til að stunda vændi á vegum ákærðu í húsnæði sem ákærða útvegaði þeim að [...] í Reykjavík og hefði ákærða haft tekjur af vændi þeirra. Þær kveða ákærðu hvorki hafa beitt þær ofbeldi né hótunum um það og ekki hefði hún tekið ferðaskilríki af þeim. Með vísan til raka í niðurstöðu ákæruliðar I.1., framburðar þessara vitna hjá lögreglu og fyrir dómi svo og með hliðsjón af öðrum rannsóknargögnum, telst sannað, þrátt fyrir neitun ákærðu, að ákærða hafi, þann 23. nóvember 2009, flutt F og G til landsins í því skyni að þær stunduðu vændi og haft atvinnu eða viðurværi sitt af vændi þeirra allt til 3. desember 2009 og haft milligöngu um að fjöldi manna hefði samræði eða önnur kynferðismök við þær gegn greiðslu að fjárhæð um kr. 20.000 í hvert sinn og hafði þannig tekjur af vændi þeirra, útvegaði húsnæði undir vændisstarfsemina að [...] í Reykjavík og auglýsti jafnframt eða lét auglýsa vændi þeirra opinberlega á vefsíðum. Háttsemi ákærðu varðar við 3., 5., 6. og 7. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður IV.

Ákærða neitar sök varðandi þennan ákærulið. Eins og áður greinir voru þær ákærða og vitnið C handteknar þann 3. desember sl. og teknar til yfirheyrslu. C hafði því réttarstöðu sakbornings allt þar til hún kom fyrir dóm sem vitni fyrir aðalmeðferð málsins.

Í fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu 3. desember 2009 neitaði C að vita nokkuð um vændisstarfsemi en hún hefði eingöngu verið aðstoðarkona ákærðu varðandi daglegar þarfir hennar. Í upphafi yfirheyrslu 8. desember sl. vildi C ekki breyta framburði sínum en eftir að henni höfðu verið kynnt ætluð símtöl milli hennar og ákærðu bað hún um hlé til að ræða við verjanda sinn en að því loknu kvaðst hún reiðubúin að segja frá allri aðkomu sinni að málinu.

Vitnið greindi þá frá því að hún hefði unnið sem vændiskona fyrir ákærðu og unnið ýmis viðvik fyrir hana að auki. Auk hennar hefðu starfað í vændinu þær E og D. Ákærða hefði komið mjög illa fram við þær. Með klækjum hefði þeim tekist að fá ákærðu til að senda D heim, enda væri hún orðin gömul og aðstæður erfiðar fyrir hana hjá ákærðu. Vitnið kvað þær hafa látið ákærðu hafa 50% af allri innkomu sinni vegna vændisins. Þá hefðu þær þurft að fá leyfi frá ákærðu fyrir öllu, þ.m.t. að fara út. Einnig hafi þær orðið að svara öllum símtölum sem þær fengu, annars yrði ákærða brjáluð. Þá hafi ákærða skipt sér af klæðaburði þeirra. Vitnið kvaðst ekki hafa fengið greitt frá ákærðu eins og um hafði verið samið. Vitnið kvað ákærðu hafa hótad þeim með ógeðfelldum lýsingum. Hún hafi sagst eiga eyjuna Ísland, lögreglan vissi allt en gerði ekki neitt. Þá hafi hún sagt að þær vissu hvernig farið hefði fyrir B, hún hefði farið til lögreglunnar en ekkert hefði gerst. Vitnið kvað ákærðu hafa hótad að menn myndu nauðga þeim og brjóta á þeim hendur og fætur.

Vitnið kvað ákærðu stundum hafa komið á [...], þar sem vændið fór fram, með einhverja vini sína sem hafi sifið hjá þeim án þess að greiða neitt fyrir. Vitnið kvaðst hafa byrjað að stunda vændi til að reyna að lagfæra fjárhagsstöðu sína, en ákærða hafi frá upphafi sagt að hún mætti stunda vændi og taka allt sjálf. Það hafi ekki staðist. Vitnið kvaðst hafa hitt B er hún byrjaði að vinna sem aðstoðarkona ákærðu og hefði B eindregið varað hana við að hefja störf fyrir ákærðu. C staðfesti framburð sinn hjá lögreglu fyrir dómi 10. desember sl.

Vitnið C kom fyrir dóm og gaf skýrslu vitnis fyrir aðalmeðferð málsins.

Hún kvaðst hafa séð smáauglýsingu á Vísi.is þar sem ákærða auglýsti eftir „personal assistant“ starfsmanni. Hún hefði þá verið atvinnulaus. Ákærða hefði verið að leita eftir aðstoðarmanneskju. Hún hefði hringt og hefði B þá svarað í símann. Ákærða hefði svo komið í símann og beðið vitnið að tala ensku. Ákærða hefði sagt að hana vantaði aðstoðarmanneskju eins og Britney Spears væri með til að fara með fót í hreinsun, panta tíma í klippingu, naglasnyrtingu, hjá lækni o.fl. Þær hefðu mælt sér mót á Cafe Paris. Vitnið hefði ekki vitað nein deili á ákærðu á þessum tíma, en ákærða hefði komið vel fyrir er þær hittust á Café Paris. Ákærða hefði verið eins og hver önnur vel klædd kona sem hafði efni á hlutunum. Þetta hefði verið í byrjun október 2009. Þetta hefði byrjað þannig að hún vann lengur en um var talað. Ákærða hefði alltaf verið að hringja í hana. Hún hefði unnið í 2-3 daga við að aðstoða ákærðu. Hún hefði síðan byrjað að vinna sem vændiskona. Hún hefði átt að fá 20.000 krónur fyrir hvern kúnna. Hún hefði verið skuldug og þurft á peningum að halda. Hún hefði svo komist að því að ákærða tók 50% af þeirri fjárhæð. Hún hefði orðið hissa og rætt það við ákærðu sem sagði að þetta væri svona. Allar stelpurnar væru á þessum kjörum. B, E og D. Vitnið kvað það aldrei hafa staðið til í fyrstu að hún stundaði vændi fyrir ákærðu. Hún hefði komist síðar að því að hún var í raun að vinna fyrir ákærðu. Ákærða hefði í upphafi bara ætlað að hjálpa henni.

Vitnið kvað B hafa verið búna að vera lengst hjá ákærðu og gert auglýsingar fyrir hana. Síðan hefði vitnið tekið við því verkefni. Sett hafi verið símanúmer í blöðin. Ákærða hefði haft eftirlit með þeim. Vændið hefði bæði verið stundað heima hjá ákærðu á [...] og á [...] í Reykjavík. Vitnið hefði ekki getað hafnað viðskiptavinum. Reglur hefðu verið um fjölda viðskiptavina á dag. Lágmarkið hefði verið 5 og fleiri um helgar. Vitnið kvaðst hafa stundað vændi í nokkra mánuði fyrir áramót 2009 og liðið illa í vændinu. Fundist hún vera eign einhvers. Ákærða hefði ekki verið eins og „mamma“. Hún hefði litið á þær sem hluti. Þær hefðu stöðugt þurft að hæla ákærðu til að hafa hana góða. Ákærða hefði hóttað henni er hún hafi ætlað að hafa samband við fjölskyldu sína. Ákærða hefði sagst ætla að hitta foreldra vitnisins og segja þeim hvað hún væri að gera og sagt að hún gæti svipt hana og fjölskylduna vegabréfum og ríkisborgararétti á Íslandi. Hún hefði trúað því að ákærða gæti þetta. Ákærða hefði verið með tröllvaxna vini og sagt þakka sinn svaka stóran og valdamikinn og með ítök á Íslandi. Ákærða hefði hóttað öllu illu. Hún hefði verið góð í að heilapvo fólk. Er svo var komið að vitnið stjórnaði ekki lengur sínu eigin lífi hefði hún viljað hætta í vændinu og flúið frá ákærðu. Vitnið E hefði hjálpað henni að pakka.

Vitnið kvað mörg vitni hafa verið að hótunum ákærðu. Ákærða hefði alltaf viljað vita hvar þær væru og skipað þeim að koma strax heim ef þær voru t.d. á

kaffihúsi. Ákærða hefði brjálást ef viðskiptavinir voru of fáir að hennar mati. Ef ákærðu grunaði að þær væru að svindla á henni með vændi framhjá ákærðu hefði hún tekið alla innkomu þeirra um tíma. Þá hefðu þær orðið að svara alltaf í símann hvort sem þær voru sofandi eða veikar.

Vitnið kvað viðskiptavinina hafa keypt kynlífsþjónustu og alltaf beðið um samfarir. Allir hefðu þurft að borga nema vinir ákærðu sem sumir fengu þetta frítt en aðrir afslátt. Það hefði ekki verið í boði að neita eða segja sína skoðun. Þær hefðu lært að betra var að þegja, annars bitnaði það á þeim. Þær hefðu aðeins fengið frí þegar ákærðu langaði að fara eitthvað. Annars hefðu þær aldrei átt frí. Ef viðskiptavinur hringdi er vitnið var á kaffihúsi hefði hún orðið að sinna honum og fara.

Vitnið kvaðst hafa skrifað undir leigusamning fyrir ákærðu um fasteignina að [...]. Hún hefði viljað komast úr íbúð ákærðu á [...]. Ákærða hefði verið raunverulegur leigutaki. Vitnið hefði séð um að greiða leiguna.

Vitnið kvað viðskiptavinina alltaf hafa greitt í reiðufé. Vændiskonan hafi tekið strax við peningunum og látið peningana til ákærðu eða fram áður en samfarir hófust. Ákærða hefði notað innkomuna í fatakaup. Ákærða hefði ein ráðið yfir vændisstarfseminni. Þar hefði enginn verið henni hærri. Ákærða hefði eytt öllum peningunum sem inn komu. Ákærða hefði ekki stundað vændi. Hún hefði hitt vin sinn ef hana langaði í samfarir. Vitnið kvað allar stúlkurnar hafa komið sjálfviljugar til að stunda vændi. Engin þeirra hefði þó búist við því að 50% eða meira af innkomunni rynni til ákærðu. E hefði lent sérstaklega illa í þessu. Ákærða hefði alltaf verið að bæta einhverjum kostnaði við gagnvart E.

Vitnið kvaðst vera fædd í Króatíu og hefði hún komið til Íslands árið 2001. Hún væri uppalin á Íslandi og hefði hún lokið grunnskólanámi hér. Hún eigi tvö systkini og foreldra. Hún hefði búið í [...] með kærasta sínum. Hún hefði aldrei beðið ákærðu um húsnæði og aldrei orðið heimilisláus. Hún hefði flust á [...] eftir að hún fór að vinna hjá ákærðu. Hún hefði byrjað sjálf í vændi án þess að láta ákærðu hirða allt. Notað eigið verð en ekki verið með sérstaka verðskrá. Algengt verð hefði t.d. verið 15-25 þúsund krónur. Ákærða hefði ekki vitað af þessu, en frétt þetta í gegnum D sem hefði þá verið að redda sér og kjaftað þessu í ákærðu. Ákærða hefði búið annars staðar en alltaf verið þarna með annan fótinn. Þær hefðu verið sviptar frelsi. Húsið hefði verið opið en ákærða stöðugt fylgst með þeim. Hún hefði haft ástæðu til að ætla að ákærða hefði áhrif innan lögreglunnar. Ákærða þekki marga sterka menn. Þær hafi ekki haft ástæðu til að ætla að ákærða væri að ljúga. Vitnið kvaðst hafa komist í skuld við ákærðu er hún stal undan viðskiptavinum. Vitnið kvað ákærðu aldrei hafa beitt hana líkamlegu ofbeldi eða hótad því.

Vitnið kvaðst hafa boðist til að vinna fyrir E án atbeina ákærðu. Hún hefði oft sagt ákærðu ósatt. Hún hefði ekkert unnið fyrir ákærðu eftir 18. nóvember 2009. Hún hefði hætt vegna ósættis þeirra. Ósættið hefði snúist um það að vitnið vildi ekki láta ákærðu hafa afrakstur eigin vinnu. Vitnið kvaðst ekki hafa getað leitað til kærasta síns eða ættingja um hjálp. Hún hefði verið að vernda ættingja sína vegna hótana ákærðu. Ákærða hefði gert sig stóra í augum þeirra allra. Þær hefðu haft ástæðu til að vera hræddar við ákærðu. Í tygjum við ákærðu hefðu verið handrukkarar af öllum stærðum og gerðum úti um allt sem heimsóttu þær reglulega

og voru tilbúnir að berja þær ef þær óhlýðnuðust ákærðu. Þeir hefðu aldrei hótad þeim en ákærða hefði hótad að láta þá misþyrma þeim.

Vitnið kvað það rétt hjá ákærðu að hún hefði aldrei beðið C um að stunda vændi, hún hefði ákveðið það sjálf.

Vitnið kvað ákærðu hafa látið hana fá sinn hlut er hún átti rétt á honum. Enginn hafi mátt taka peninga fyrir en ákærða var búin að fara yfir þá. Stundum hefði það ekki hentað ákærðu að splitta. Ákærða hefði átt peningana. Þær hefðu þó ekki alltaf látið ákærðu hafa allt. Þær hefðu svindlað á henni ef færi gafst. Stúlkurnar hefðu skuldað mikið og reynt að fá upp í það. Gallinn hefði verið sá að ákærða var alltaf í „helvítis húsinu“ þannig að tækifærin til að stela undan voru ekki mörg. Ákærða hefði verið eins og grár köttur á [...] en ekki búid þar.

Ákærða neitar sök í þessum ákærulið. Í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins kvaðst hún hafa auglýst eftir aðstoðarmanni. B hefði verið við það að fara til Spánar og hún þurft aðstoðarmann. C hefði sótt um starfið og verið ráðin. Á þessum tíma hefði ákærðu liðið illa og verið niðurbrotin og verið að missa unnusta sinn. Mikið hefði verið fjallað um hana í fjölmiðlum. Hún hefði þurft á vini að halda. Vinnutími C hefði verið frá kl. 08:00 til 16:00. C hefði ekki búid að [...], en gist hjá stúlkunum að [...]. Ákærða kvaðst ekki hafa fengið C til að stunda vændi og hefði hún ekki vitað til þess að C stundaði vændi. Hún hefði aldrei haft í hótunum við C. Aldrei hefðu komið upp nein vandræði í samskiptum þeirra. C hefði hjápað henni. Hún hefði aldrei hótad C að taka vegabréf hennar og hún viti ekki hvernig hún eigi að hafa náð vegabréfi C. Hún hefði aldrei hótad C að senda fjölskyldu hennar úr landi. Þá hefði hún aldrei sagt við C að hún léti glæpamenn nauðga henni ef hún hlýddi sér ekki. Ákærða kvaðst ekki hafa vitað hvað C gerði í frístundum, en vinnutími hennar hefði verið frá klukkan átta til fjögur. Hún hefði ekki komið C í kynni við viðskiptavinum. C hefði ekki þurft aðstoð við það. Þá hefði hún ekki látið auglýsingu um C á einkamál.is, enda ekki vitað að hún stundaði vændi.

Aðspurð um smáskilaboð frá henni til C kvað ákærða viðskiptavin sinn hafa sagt sér að C stundaði vændi. Hún hefði sagt honum að það gæti ekki verið rétt en hann hefði þá sagst hafa greitt C fyrir vændið. Hún hefði þá reiðst C og sent þetta sms til C og sagt henni að hafa ekki samband við sig aftur. Kvaðst ákærða hafa greitt C 220.000 krónur í laun á mánuði.

Vitnið D bar við framhald aðalmeðferðar að C hefði ekki stundað vændi til að byrja með. Hún hefði verið ráðin sem umsjónarkona hjá ákærðu. En þegar ákærða vanrækti að greiða C laun hefði C, sem var fjárvana, tekið þá ákvörðun að byrja að stunda vændi. Ákærða hefði ekki vitað um það til að byrja með.

Niðurstaða.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærðu gefið að sök mansal og hótanir, með því að hafa, í þeim tilgangi að notfæra sér C kynferðislega, neytt hana til að stunda vændi í nóvembermánuði 2009 á heimili ákærðu að [...] í Hafnarfirði og húsnæði sem ákærða útvegaði að [...] í Reykjavík. Ákærða beitti C ótilhlýðilegri aðferð og ólögmatum blekkingum með því að vekja, styrkja og hagnýta sér villu hennar um aðstæður á Íslandi, hótaði henni að taka af henni vegabréfið, að senda hana og fjölskyldu hennar úr landi og sagði henni að ákærða væri valdamikil hér á landi og hefði mikil áhrif innan löggæslustofnana og glæpaheimsins og gæti því látið glæpamenn nauðga henni hlýddi hún ekki ákærðu. Voru hótanir ákærðu til þess fallnar að vekja hjá C ótta um líf, heilbrigði og velferð sína og fjölskyldu sinnar. Ákærða hafði milligöngu um að fjöldi manna hafði samræði eða önnur kynferðismök við C gegn greiðslu að fjárhæð um kr. 15.000-20.000 í hvert sinn og hafði þannig tekjur af vændi hennar. Ákærða auglýsti jafnframt eða lét auglýsa vændi C opinberlega á vefsíðum.

Kemur þá til skoðunar hvort ákærða hafi gerst sek um hótanir og mansal gagnvart vitninu eins og henni er aðallega gefið að sök. Vísað er til umfjöllunar í niðurstöðukafla ákæruliðar I.1 þar sem mansal er skilgreint og hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt svo refsað verði fyrir mansal.

Eins og fram kemur í málinu réð vitnið C sig sem aðstoðarkona ákærðu. Vitnið kveður ákærðu hafa vanefnt launagreiðslur til sín. Vitnið hefði verið í fjárkröggum og því farið að stunda vændi. Síðar hefði komið á daginn að hún var í raun að stunda vændi fyrir ákærðu sem hefði tekið 50% af greiðslu hvers viðskiptavinar. Þessu neitar ákærða. Í framburði vitnisins C fyrir dóminum kemur fram að ákærða hafi hvorki beitt hana ofbeldi né hótað því. Á hinn bóginn hefði ákærða hótað að taka vegabréf af henni og fjölskyldu hennar og stuðla að því að þau yrðu svipt ríkisborgararétti og vísað úr landi. Hefði ákærða sagt að hún þekkt áhrifamenn innan lögreglu og glæpaheims og að faðir hennar hefði mikil völd hér á landi. Þá kom fram í framburði C að ákærða hefði fylgst með þeim og verið harður húsbóndi. Ekki kom fram hjá vitninu að ákærða hefði neytt hana til að stunda vændi. Hún hefði ákveðið það sjálf. Vitnið kvaðst hafa verið frjáls ferða sinna en þurft að sinna viðskiptavinum öllum stundum þrátt fyrir að vera í fríi og á kaffihúsi. Vitnið C hefur látið mörg stóryrði falla um framkomu ákærðu gagnvart hinum stúlkunum. Sumt af því stenst ekki, eins og vitnisburður hennar um framkomu ákærðu gagnvart D og E, sem er ekki í samræmi við þeirra framburð. Vitnið C er íslenskur ríkisborgari af erlendu bergi brotin. Hún ólst upp á Íslandi og gekk hér í grunnskóla. Þykir dóminum sá framburður hennar ótrúverðugur að hún hafi lagt trúnað á þá sögu ákærðu að hún gæti í kraft áhrifa sinna hér á landi bæði innan lögreglu og glæpaheims og vegna valda föður síns látið svipta vitnið og fjölskyldu vitnisins ríkisborgararétti á Íslandi og látið vísa þeim úr landi. Slíkur framburður og ýkjukennður framburður vitnisins varðandi aðstæður annarra brotþola þykir draga úr trúverðugleika vitnisins. Þá þykir rétt að geta hér framburðar vitnisins við aðalmeðferðina um ástæður þess að hún hætti störfum hjá ákærðu. Þar sagði hún að hún hefði ekkert unnið fyrir ákærðu eftir 18. nóvember 2009. Hún hefði hætt vegna ósættis þeirra. Ósættið hefði snúist um það að vitnið vildi ekki láta ákærðu hirða afrakstur eigin vinnu vitnisins.

Samkvæmt framangreindu og gegn eindreginni neitun ákærðu er ósannað að uppfyllt séu skilyrði ákvæðis 1. t. l. mgr. 227. gr. a. almennra hegningarlaga um

mansal. Er ákærða samkvæmt þessu sýknuð af sakargiftum samkvæmt II. lið ákæru að því er þá háttsemi varðar.

Með vísan til raka í niðurstöðukafla í ákærulið I.1, þar sem talið var sannað með vætti vitnanna B, C, D, E, F og G að þær hafi allar stundað vændi fyrir ákærðu, telst á hinn bóginn sannað þrátt fyrir neitun ákærðu, að vitnið C stundaði vændi á vegum ákærðu, fyrst á heimili ákærðu að [...] í Hafnarfirði en síðar að [...] í Reykjavík og hafði ákærða viðurværi sitt af vændi vitnisins. Varðar sú háttsemi ákærðu við 3., 6. og 7. mgr. 206. gr. sömu laga.

Ákæruliður V.

Mánudaginn 29. desember 2008 kl. 14:16 var lögregla send að [...] í Hafnarfirði vegna slagsmála á stigagangi á 4. hæð. Er lögregla kom á vettvang var ákærða að ryksuga sameignina á 4. hæð, en inni í íbúð á sömu hæð var íbúinn H grátandi. Fram kom á vettvangi að ákærða hafi ætlað að hengja upp myndir í sameigninni í trássi við stjórn húsfélagsins. H hefði viljað ræða við ákærðu vegna þessa og hefði ákærða verið að ryksuga meðan á þeim viðræðum stóð. Komið hefði til stimpinga milli þeirra sem hafi lokið með því að ákærða sló H í andlitið með rafmagnssnúru ryksugunnar. Samkvæmt lögregluskýrslunni var H með áverka á vinstri vanga. Hún hafi verið bólgin og marín og kennt til í eyra. Ákærða hafi viðurkennt að hafa slegið H með rafmagnssnúrunni.

H leitaði til slysa- og bráðadeildar Landspítalans kl. 14:00 þennan sama dag. Í læknisvottorði Brynjólfs Mogensen dr. med. segir m.a. að H hafi greint frá því að nágranni hennar hefði án nokkurrar ástæðu slegið hana í höfuðið með rafmagnssnúru með kló. Höggið hefði lent á vinstri vanga hennar. Hún hefði ekki rotast en svimað við höggið og bólгнаð í andliti. Í læknisvottorðinu kemur fram að bólgu hafi verið að sjá yfir vinstri hlið andlits og neðri kjálka. Dálítið sár vinstra megin, grunnt en um 2 sm að lengd. Þreifieymsli hafi verið yfir bólgusvæðinu. Hún hafi fundið til er hún beit saman tönnum. Vinstri kjálkaliður hafi verið aumur en bólga yfir kjálkaliðssvæðinu. Hún hafi greinst með yfirborðsáverka en verið óbrotin samkvæmt röntgenmyndum. Læknirinn staðfesti vottorð sitt við aðalmeðferð málsins.

Í skýrslu hjá lögreglu kvaðst ákærða hafa verið að ryksuga ganginn er H kom og fór að rífast við hana. Hún hefði tekið ryksuguna úr sambandi og hefði ákærða þá varað hana við og sagt að gerði hún þetta einu sinni enn myndi ákærða slá hana. H hefði ekki látið sér segjast og tekið ryksuguna úr sambandi. Ákærða hefði þá tekið ryksugusnúruna og slegið H einu sinni með henni. H hefði slegið hana til baka með opnum lófa. Eiginmaður H hefði blandað sér í málið og síðan hefði H rífið í hárið á ákærðu. Þetta hefðu verið eins konar stelpuslagsmál.

H lagði fram kæru hjá lögreglu 31. desember 2008 og lýsti atvikum.

Ákærða neitaði sök vegna þessa ákæruliðar fyrir dóminum. Kvað hún langt síðan þetta gerðist. Kærasti hennar R hefði verið að beita hana ofbeldi. Hún hefði sagt honum að fara burt. Hún hefði verið að hreinsa gólfið er H kom og hefði hún nefnt það við H hvort henni væri ekki sama um að hún hengdi nokkra myndir á

veggi. Þá hefði viðmót H allt breyst. Ákærða kvaðst hafa haldið áfram að ryksuga. H hefði kippt ryksugusnúrunni úr sambandi. Hún hefði ekki ansað en haldið áfram. H hefði þá ýtt í hana og hún á móti. Er ákærðu var bent á að hún hefði hjá lögreglu játað að hafa slegið H með snúrunni kvað hún það mega vera að hún hafi sagt það hjá lögreglu, en henni hafi liðið illa. Kvaðst hún ekki muna eftir að hafa slegið H með rafmagnssnúrunni. Ákærða kvaðst engar skýringar hafa á áverkum H. Hún kvaðst hafa farið til H daginn eftir og beðið hana afsökunar.

Vitnið H kvaðst hafa verið á fundi hjá nágrannakonunni sinni, en þær væru í stjórn húsfélagsins. Þá hefði eiginmaður hennar hringt og sagt að ákærða hefði spurt eftir henni. Þær hefðu farið upp á 4. hæð og þar hefði ákærða verið að ryksuga sameignina. Ákærða hefði slökkt á ryksugunni og sagt þeim að hún ætlaði að hengja myndir upp á vegg í sameigninni á 4. hæð. Vitnið kvaðst hafa sagt ákærðu að það mætti hún ekki nema með samþykki húsfélagsins. Undir það hefði S nágrannakonunni tekið. Ákærða hefði þá gengið að S og spurt á hvaða hæð hún byggji. S hefði svarað því. Ákærða hefði þá sagt S að drulla sér niður á sína hæð. Þetta hefði farið í taugarnar á vitninu. Ákærða hefði öskrað á hana og farið að ryksuga. Vitnið hefði þá tekið ryksuguna úr sambandi og sagt ákærðu að gera þetta ekki og hlusta á það sem hún væri að segja. Ákærða hefði þá sett ryksuguna aftur í samband. Vitnið hefði þá tekið ryksuguna aftur úr sambandi og sagt ákærðu að gera svona ekki, stigið ofan á snúruna en síðan stigið af henni aftur. Ákærða hefði þá tekið snúruna og vafið henni um hönd sér og slegið vitnið með snúrunni og klónni á enda snúrunnar. Hún hefði fengið hálfgerst sjökk. Maður hennar hefði þá komið og gengið í milli. Ákærða hefði rifið í hárið á henni. Hún hefði verið í sjokki og grátkasti í marga daga og sent börn sín í burtu. Hún hefði verið stokkbólgin og með sár er blæddi úr, blá og marín og ekki þorað heim. Þær S hefðu hist þennan dag til að ræða vandræði vegna brota ákærðu. Henni hefði sem formanni húsfélagsins borist margar kvartanir vegna ákærðu. Hún kvað ákærðu ekki hafa beðist afsökunar á háttsemi sinni, en hóttað að drepa hana.

Vitnið T, eiginmaður H, kvað læti hafa verið í blokkinni daginn áður en framangreint atvik átti sér stað. Leiðindi hefðu orðið og mikið verið kvartað undan ákærðu. Umræddan dag hefði ákærða hringt á dyrabjöllunni heima hjá honum og spurt um H. Hann hefði látið H vita. Hann hefði svo heyrt hávaða og læti á ganginum og farið fram og séð H upp við vegg en ákærðu að vefja snúru um hönd sér og lemja H í andlitið með snúrunni og kló á enda snúrunnar. Höggið hefði lent á eyra H. Hann hefði hlaupið til og getað komið í veg fyrir annað högg frá ákærðu. Ákærða hefði þá rifið í hárið á H. Hann hefði reynt að losa hana frá. Maður hefði komið út úr íbúð ákærðu og honum tekist að losa ákærðu frá H. H hefði verið með áverka, mest á eyra, verið blóðug, bólgin og klóruð. H hefði aldrei slegið ákærðu.

Vitnið S kvað H hafa verið hjá sér og hafi þær sem stjórnarmenn í húsfélaginu rætt vandræði vegna brota ákærðu á húsreglum. Eiginmaður H hefði þá hringt og sagt að ákærða hefði spurt eftir H. Þær hefðu farið upp á fjórðu hæð þar sem ákærð hefði verið að ryksuga stigaganginn. Ákærða hefði þá sagt að hún ætlaði að hengja myndir á vegg. H hefði sagt henni að það mætti hún ekki án leyfis húsfélags. Vitnið hefði tekið undir það og hefði ákærða þá gengið að henni og spurt á hvaða hæð hún byggji. Hún hefði svarað því en ákærða þá sagt henni að halda sig við þá hæð. Ákærða og H hefðu skipst á orðum en vitnið haldið sér til hlés. Ákærða hefði sett ryksuguna í gang og farið að ryksuga, en H tekið hana úr sambandi og sagst vera að tala við ákærðu. Ákærða hefði aftur sett ryksuguna í samband en H

aftur tekið hana úr sambandi og stigið á snúruna. Ákærða hefði þá potað í H, vafið snúrunni um hönd sér og slegið H með henni í andlitið. T, maður H, hefði þá komið og gengið á milli en vitnið hringt í lögregluna. Ákærða hefði hangið á H þangað til maður kom út úr íbúð ákærðu og losaði ákærðu frá H. H hafi verið með sýnilega áverka í andliti eftir þetta, bólgu í kinn og eyra. Þá hefði hún orðið fyrir hárlösi og fengið andlegt áfall.

Vitnið U, íbúi að [...], kvaðst hafa heyrt hávaða og læti í stigaganginum, litið fram og séð ákærðu vefja ryksugusnúru um hönd sér og slá H. Hún hefði séð áverka á H sem hvorki hefði ýtt við ákærðu né slegið.

Lögreglumennirnir *Bjarni Bjarnason* og *Helgi Gunnarsson* staðfestu skýrslur lögreglu við aðalmeðferð málsins og báru að ákærða hefði viðurkennt að hafa slegið H með ryksugusnúrunni.

Niðurstaða.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærðu gefin að sök líkamsárás, með því að hafa mánudaginn 29. desember 2008 í stigagangi fjölbýlishússins að [...] í Hafnarfirði rifið í hár H og slegið hana með rafmagnssnúru í andlitið, með þeim afleiðingum að hún hlaut sár, bólgu og þreifieymsli vinstra megin á andliti og bólgu yfir vinstri kjálkalið.

Með vætti vitnanna S, U og eiginmanns brotþola, sem er stutt læknisvottorði um áverka brotþola, þykir lögfull sönnun, sem ekki verður véfengd með skynsamlegum vafa, hafa komið fram fyrir því að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök í þessum ákærulið. Samrýmist þetta og játningu ákærðu á háttseminni fyrir lögreglu, en við aðalmeðferð málsins kvaðst ákærða ekki muna eftir verknaði sínum. Er ákærða því fundin sek um þessa háttsemi og er háttsemin réttilega færð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður VI.

Þriðjudaginn 12. janúar 2010 fluttu lögreglumenn ákærðu frá Héraðsdómi Reykjaness í Kópavogsfangelsi. Segir í frumskýrslu lögreglu að lögreglubifreiðinni hafi verið lagt á bifreiðastæði austan við fangelsið. Lögreglumaðurinn Andri Fannar sem hefði setið aftur í í lögreglubifreiðinni við hlið ákærðu hefði opnað afturhurð bifreiðarinnar og ætlað að fylgja ákærðu að útihurð á austurhlið fangelsishússins. Ákærða hefði þá arkað af stað áleiðis að útihurð á norðurhlið hússins. Hann hefði kallað ítrekað í ákærðu að stansa og fylgja sér en hún hefði ekki sinnt því. Er hún hefði átt skammt eftir að útidyrnum á norðurhliðinni hefði Andri Fannar gripið um hægri upphandlegg ákærðu og snúið för hennar við. Á þeirri leið hefði ákærða streist á móti og reynt að losa sig frá Andra Fannari. Er þau hafi átt skammt eftir að norðausturhorni hússins hefði ákærða hrækt á andlit Andra Fannars með þeim afleiðingum að hráki frá henni ýrðist um allt andlit hans. Til að koma í veg fyrir að þetta endurtæki sig hefði Andri Fannar þurft að halda höfði hennar frá sér með hægri handlegg. Fangaverðir hefðu síðan tekið við ákærðu.

Andri Fannar lagði fram kæru hjá lögreglu og lýsti atvikum og var frásögn hans í samræmi við framangreinda lýsingu. Andri Fannar kvaðst hafa fengið handspritt til að þrifa andlit sitt í fangelsinu.

Ákærða neitaði sök í skýrslu hjá lögreglu og kvað lögreglu hafa beitt sig harðræði. Hún kvaðst ekki hafa hrækt á lögreglumanninn heldur öskrað á hann. Vegna kvörtunar ákærðu var hún skoðuð af lækni og samkvæmt niðurstöðu vottorðs hans var við skoðun og mat ekki að sjá nein merki um áverka á hálsi, bók eða handleggjum ákærðu.

Í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins neitaði ákærða sök varðandi þennan ákærulið og kvað að um misskilning hefði verið að ræða. Hún hefði haldið að hún ætti að fara inn um aðalinngang í fangelsið. Lögreglumaðurinn hefði gripið í bak hennar. Hún hefði öskrað á hann: „Þú meiðir mig“. Hún hefði ekki hrækt á hann. Hann hefði gripið harkalega í hana og hún meitt sig, hann hefði gripið í háls hennar. Hún kunni hins vegar að hafa frussað á hann þegar hún öskraði á hann.

Vitnið *Andri Fannar Helgason* rannsóknarlögreglumaður gaf skýrslu fyrir dómnum og var framburður hans í samræmi við frumskýrslu lögreglu og ekki efni til að tíunda hann frekar.

Vitnið *Bjarni Ólafur Magnússon* var hinn lögreglumaðurinn sem flutti ákærðu í fangelsið. Hann lýsti atvikum á sömu lund og í frumskýrslu. Hann kvað ákærðu hafa snúið sér snögg að Andra Fannari þar sem hann leiddi hana að austurdyrunum og hrækt í andlitið á honum. Andri Fannar hefði þá snúið ákærðu frá sér og leitt hana að dyrum fangelsisins. Vitnið kvaðst bæði hafa séð það og heyrt þegar ákærða hrækti í andlitið á félagi hans. Þetta hefði ekki verið fruss. Ákærða hefði beinlínis tekið tilhlaup og hrækt.

Niðurstaða.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærðu gefið að sök brot gegn valdstjórninni, með því að hafa þriðjudaginn 12. janúar 2010 við Kópavogsfangelsið að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi, hrækt í andlit lögreglumannsins Andra Fannars Helgasonar, sem var þar við skyldustörf.

Með vætti lögreglumannanna, fangavarðanna í Kópavogsfangelsinu, svo og með hliðsjón af myndbandsupptöku úr öryggismyndavél fangelsisins, þykir þrátt fyrir neitun ákærðu hafið yfir allan skynsamlegan vafa að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök í þessum ákærulið. Er háttsemi ákærðu réttilega heimfærð til refsíákvæðis eða 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsíákvörðun o.fl.

Ákærða var með dómi Hæstaréttar Íslands þann 3. júní 2010 dæmd til að sæta fangelsi í þrjú og hálf ár fyrir fíkniefnalagabrot, fyrir að hafa viðurværi sitt af vændi annarra kvenna og fyrir brot gegn valdstjórninni. Brot þau sem ákærða hefur

nú verið sakfelld fyrir voru öll framin fyrir uppsögu þessa dóms og verður ákærðu því dæmdur hegningarauki samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða hefur verið sakfelld fyrir að hafa haft með höndum umfangsmikla vændisstarfsemi sem hún hafði viðurværi sitt af, tvær líkamsrásir og ítrekað brot gegn valdstjórninni. Ákærða á sér engar málsbætur. Ásetningur og brotavilji ákærðu var einbeittur hvað varðar vændisstarfsemina. Vísað er til umfjöllunar í niðurstöðukafla ákæruliðar I.1, þar sem mansal er skilgreint og hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt svo refsað verði fyrir mansal.

Að þessu virtu og með vísan til 71. gr., sbr. 3. mgr. 106. gr., 77. gr. og 78. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Frá refsingunni dregst með fullri dagatölu gæsluvarðhald sem ákærða sætti frá 4. desember 2009 til 3. júní 2010 er hún hóf afplánun ofangreinds Hæstaréttardóms.

Einkaréttarkröfur.

1. Í málinu gerir B miskabótakröfu á hendur ákærðu að fjárhæð 1.500.000 krónur, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. nóvember 2009 að telja og þar til mánuður er liðinn frá því að krafan var birt, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. frá þeim degi til greiðsludags. Bótakröfuna byggir þessi brotþoli á 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993.

2. Af hálfu D, f. [...], er krafist miskabóta úr hendi ákærðu, samtals að fjárhæð krónur 500.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan var birt til greiðsludags. Bótakröfuna byggir þessi brotþoli á 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993.

3. Af hálfu C, kt. 000000-0000, er krafist miskabóta úr hendi ákærðu, að fjárhæð krónur 800.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. október 2009 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er birt ákærðu, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Bótakröfuna byggir þessi brotþoli á 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993.

4. Af hálfu E, f. [...], er krafist miskabóta úr hendi ákærðu, samtals að fjárhæð krónur 600.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 11. október 2009 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Bótakröfuna byggir þessi brotþoli á 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993.

Bótakröfur framangreindra brotþola eru byggðar á málsástæðum sem eru efnisþættir í ákvæðum um mansal. Ákærða hefur í öllum tilvikum verði sýknuð af mansali og þar með brotum gegn 225., 226. og 233. gr. almennra hegningarlaga. Þegar af þeim ástæðum, með vísan til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 105/2010, eru ekki skilyrði til að dæma miskabætur og ber að vísa bótakröfum framangreindra brotþola frá dómi.

5. Af hálfu H, kt. 000000-0000, er krafist miskabóta úr hendi ákærðu, að fjárhæð krónur 500.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 29. desember 2009 að liðnum mánuði frá þeim degi er bótakrafan er birt ákærðu, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Bótakröfuna byggir þessi brotaþoli á 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Brot það sem ákærða hefur verið sakfelld fyrir gagnvart brotaþola er almennt til þess fallið að valda miskatjóni. Miskabætur ber að ákveða eftir eðli verknaðarins og alvarleika brotsins. Að því virtu þykja bætur til þessa brotaþola hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Bera þær vexti eins og í dómsorði greinir.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Jóns Egilssonar hdl., þykja hæfilega ákveðin 1.500.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts og starfa verjandans í þágu ákærðu á rannsóknarstigi málsins.

Þá þykir þóknun fyrri verjanda ákærðu, Sveins Andra Sveinssonar hrl., vegna starfa hans á rannsóknarstigi málsins hæfilega ákveðin 700.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Í ljósi niðurstöðu málsins þykir rétt að ákærðu verði gert að greiða 4/5 hluta málsvarnarlauna og þóknunar, en að öðru leyti skulu þau greidd úr ríkissjóði.

Sakarkostnaður samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti nemur 528.125 krónum og stafar hann samkvæmt framlögðum gögnum af kostnaði vegna símhlerana og hlustunar á síma og vegna öflunar áverkavottorðs. Verður ákærðu gert að greiða þann kostnað.

Þá ber ákærðu einnig að greiða þóknun skipaðs réttargæslumanns H, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem telst hæfilega ákveðin samtals 300.000 krónur.

Þóknun réttargæslumanns B, Margrétar Gunnlaugsdóttur hdl., sem telst hæfilega ákveðin 325.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þóknun réttargæslumanns C, Bjarna Haukssonar hrl., sem þykir hæfilega ákveðin 425.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þóknun réttargæslumanns E og G, Gunnhildar Pétursdóttur hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 370.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði og þóknun réttargæslumanns D og F, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 370.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Hefur í öllum tilvikum verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Hulda María Stefánsdóttir, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið fyrir ákæruvaldið.

Dóminn kveða upp héraðsdómararnir Finnbogi H. Alexandersson, Sandra Baldvinsdóttir og Sveinn Sigurkarlsson.

D ó m s o r ð

Ákærða, A, sæti fangelsi í 15 mánuði. Refsingunni til frádráttar komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 4. desember 2009 til 3. júní 2010.

Einkaréttarkröfum B, D, C og E er vísað frá dómi.

Ákærða greiði H 250.000 krónur, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 29. desember 2009 til 26. mars 2010, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Egilssonar hdl., 1.500.000 krónur, og málsvarnarþóknun fyrri verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hrl., 700.000 krónur, hvort tveggja að 4/5 hlutum, en að öðru leyti skulu þau greidd úr ríkissjóði.

Ákærða greiði réttargæsluþóknun skipaðs réttargæslumanns H, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 300.000 krónur.

Þóknun réttargæslumanna annarra brotþola greiðist úr ríkissjóði þannig: réttargæslumanns B, Margrétar Gunnlaugsdóttur hdl., 325.000 krónur, réttargæslumanns C, Bjarna Haukssonar hrl., 425.000 krónur, réttargæslumanns E og G, Gunnhildar Pétursdóttur hdl., 370.000 krónur og réttargæslumanns D og F, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur hdl., 370.000 krónur.

Finnbogi H. Alexandersson

Sandra Baldvinsdóttir

Sveinn Sigurkarlsson